

Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla

Verkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, 2015

Sólveig Rós Másdóttir
Leiðbeinandi: Þorgerður Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Inngangur	5
Skortur á kynfræðslu um hinsegin veruleika	6
Að skilgreina gagnkynhneigð.....	7
Skiptir þetta máli?.....	9
Kynferðisleg kynhneigð.....	10
Kynheilbrigði og kynfræðsla	11
Hvað er hinsegin?.....	12
Hinsegin í skólanum.....	14
Nemendur og kynfræðsla	15
Kynfræðsla á Íslandi	15
Aðferð	16
Val á viðmælendum.....	17
Framkvæmd	18
Álitaatriði.....	19
Meðferð gagna.....	20
Nánar um kóðun og greiningu	20
Takmarkanir rannsóknar	22
Niðurstöður	24
Niðurstöður úr kennaraviðtölum	24
Jafnrétti og undirbygging.....	24
Viðkvæmir nemendur	25
Hræðsluáróður.....	26
Kennslugögn.....	26
Eldmóður og feimni.....	28
Hinsegin	29
Beðið eftir frumkvæði nemenda.....	34
Útvistun til gesta.....	34
Orðuð eða þögul gagnkynhneigð?.....	35
Samantekt	35
Upplifun ungmenna	35
Tæknileg ekta kynfræðsla	36
Ósýnileiki.....	37
Hinsegin	39
Hræðsluáróður.....	41
Skyldubundin kynhneigð.....	42
Drusluskömmun og tabú.....	43
Raunverulegt.....	45
Samantekt	48
Námsgagnagreining	48

Kynfræðsluvefurinn.....	49
Kynlíf: kynfræðsla fyrir unglunga (2006).....	54
Um stelpur og stráka: kynfræðsla (2006).....	58
Niðurstöður námsgagnagreiningar	60
Umræða	61
Ósamræmi.....	61
Að hræða til hlýðni	62
Samfarablæti.....	62
Ósýnileg eikynhneigð	63
Fjarvera trans og intersex einstaklinga	64
Normið og jaðarinn	64
Hvernig er hægt að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu?.....	65
Ráðleggingar um frekari rannsóknir	66
Lokaorð.....	67
Heimildaskrá	68
Viðaukar	71
1. Viðtalsrammi fyrir kennaraviðtöl.....	71
2. Viðtalsrammi fyrir rýnihópaviðtal	73
3. Bréf til foreldra vegna trúnaðar	75

Útdráttur

Kynfræðsla getur ekki verið hlutlaus. Í henni endurspeglast gildi samfélagsins, bæði beint og óbeint. Í þessari rannsókn er skoðað hvort að gagnkynhneigða regluveldið fyrirfinnist í kynfræðslu í unglingadeildum í grunnskólum Reykjavíkur. Til þess voru tekin einstaklingsviðtöl við kynfræðslukennara, rýnihópaviðtal við hinsegin ungmenni auk þess að kennslugögn í kynfræðslu voru skoðuð. Gögn voru greind með eigindlegum aðferðum. Niðurstaða rannsóknarinnar er að þó að kennarar taki markviss skref til að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu í sínum skólastofum þá fyrirfinnst það engu að síður. Hinsegin kynhneigðir eru nefndar en gert er ráð fyrir því að nemendurnir í kynfræðslunni séu gagnkynhneigðir. Mikil þögn ríkir um hinsegin kynvitundir og ódæmigerð kyneinkenni og hinsegin ungmenni upplifa kynjaðar væntingar um hvernig þeirra kynhegðun skuli vera. Til að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu þarf að uppfæra kennsluefni, nota opið orðalag og setja hinsegin kynverundir inn í skólastofuna.

Formáli

Að vinna þetta verkefni hefur verið gefandi og skemmtilegt, þó það hafi einnig verið krefjandi. Ég vil þakka Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir tækifærið við að fá að vinna við það sem ég hef brennandi áhuga á og einnig fyrir mikinn sveigjanleika þar sem mér buðust fleiri tækifæri á rannsóknartímabilinu.

Þorgerður Einarsdóttir leiðbeinandi fær þakkir fyrir þolinmæði og stuðning, ásamt samstarfsaðilunum Skóla- og Frístundasviði og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Auður Magnús Auðardóttir, sem var skólastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur í byrjun rannsóknartímabilsins aðstoðaði mikið við hönnun og skipulagningu rannsóknarinnar ásamt því að finna viðmælendur og á hún miklar þakkir skildar. Sérstakar þakkir fara til viðmælandanna sem buðu sig fram í að taka þátt í þessu verkefni, en án þeirra væri það ekki til. Síðast en ekki síst fer þakklæti til Ungliðahreyfingar Samtakanna '78, en skemmtilegri hóp af ungmennum hef ég sjaldan hitt. Þau veita mér innblástur og hvatningu og ég vona að þetta verkefni geti orðið til þess að bæta þeirra líf og veruleika.

Inngangur

Kynfræðsla, eins og öll fræðsla og menntun, felur í sér gildi og viðhorf sem komið er áleiðis til nemenda bæði beint og óbeint. Þegar kemur að kynfræðslu snúast þau um hvað þykir heilbrigð og samfélagslega samþykkt nálgun á kynlíf og sambönd. Þessi rannsókn mun skoða hvort þessi viðhorf eru skekkt í áttina að gagnkynhneigð og sískynjun eða hvort hinsegin veruleiki fyrirfinnst einnig innan þessarar kennslugreinar. Með því að ræða við kynfræðslukennara í Reykjavík, hóp af hinsegin ungmennum og skoða kennslugögn sem eru í boði verður athugað hvort hið gagnkynhneigða regluveldi birtist þar.

Tilgangur þessa verkefnis er að skoða hvort að kynfræðsla í grunnskólum í Reykjavík endurskapi gagnkynhneigða regluveldið (e. *heteronormativity*). Með því er átt við hvernig gagnkynhneigð er sett fram sem eðlileg, ásamt því hvaða norm, reglur og venjur eru sett fram sem skyldubundin og venjuleg. Gagnkynhneigða regluveldið getur bæði jaðarsett hinsegin nemendur og formgert ákveðin viðhorf og gildi fyrir alla nemendur. Kennir kynfræðslan að gagnkynhneigð og sískynjun sé eðlileg og að samkynhneigð og trans kynvitundir séu frávik? Er kynfræðslan sniðin að þörfum allra, þar með talið hinsegin nemenda, eikynhneigðra (e. *asexual*) nemenda og fleiri? Hafa kynfræðslu- og lífsleiknikennarar aðgang að kennsluefni og þekkingu til að geta kennt hinseginvæna kynfræðslu?

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að jafnrétti sé einn af grunnþáttum menntunar og að undir jafnrétti falli m.a. kyn og kynhneigð (2.1.4.) og í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að „Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því að þátttakendur geti verið samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, transgender eða gagnkynhneigðir. Ólíkar kynhneigðir fólks séu ræddar kinnroðalaust og fræðsluefni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar því verður við komið” (6.3.1.). Þó vantar rannsóknir á því hvernig þetta fer fram í kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu mögulega nýst til að hjálpa kennurum að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu í sínum kennslustofum og aðstoðað við gerð kynfræðsluefnis í framtíðinni. Þannig væri stuðlað að kynheilbrigði hinsegin nemenda og dregið úr fordómum sem hinsegin fólk upplifir. Ekki eru allir einstaklingar steyptrir í sama mót og það má velta því fyrir sér hvort að kynfræðslan nái jafnt til þeirra allra. Hinsegin ungmenni eru hópur sem oft verður útundan og hópur sem er á margan hátt í lélegri félagslegri stöðu heldur en gagnkynhneigð og sískynja bekkjarfélagar þeirra og því þarf að taka sérstakt tillit til þeirra.

Fáar rannsóknir hafa farið fram á kynfræðslu á Íslandi og enn færri hafa skoðað kynfræðslu út frá hinsegin sjónarhorni. Markmið þessa verkefnis er að bæta við þá þekkingu sem til er um þetta efni ásamt því að skoða hvort að Reykjavíkurborg standi fyrir kennslu sem endurskapi gagnkynhneigða regluveldið og gangi þannig gegn sinni eigin stefnu.

Reynsla rannsakanda af starfi með ungu hinsegin fólki, bæði á Íslandi og erlendis, hefur leitt í ljós að veruleiki þeirra er litaður af fordómum, þöggun, jaðarsetningu, skorti á aðgengi að fræðslu og þekkingu og skorti á merkingarbærum samfélagslegum stofnunum sem fagna þeim í þeirra fjölbreytileika. Með öðrum orðum þá mótast þeirra veruleiki af gagnkynhneigða regluveldinu. Veruleiki þeirra er líka fullur af seiglu, vináttu, styrk og gleði og ekki er rétt að útmála alla hinsegin einstaklinga sem óhamingjusöm fórnarlömb vegna stöðu sinnar eingöngu. Þó er mikilvægt að skoða þeirra umhverfi og athuga hvort það sé hægt að bæta það. Það er gert bæði með því að sníða skólann að þeirra þörfum ásamt því að gera hinsegin málefni að almennum málefnum fyrir alla nemendur, burtséð frá þeirra eigin kynhneigð eða kynvitund og því er spurt: endurskapar kynfræðsla í grunnskólum Reykjavíkur hið gagnkynhneigða regluveldi?

Skortur á kynfræðslu um hinsegin veruleika

Skipulögð kynfræðsla, sem og öll önnur hefðbundin menntun og fræðsla, óhjákvæmilega endurskapar að einhverju leiti ríkjandi viðhorf kennara, þeirra sem skapa námsefnið, og þeirra stofnana sem fræðslan fer fram innan, sama hvort það er bekkurinn, skólinn, menntakerfið í heild sinni, eða þjóðríkið. Þar sem hið gagnkynhneigða norm er enn mjög ríkjandi í flestum samfélögum er hætt við að það verði endurskapað innan kynfræðslunnar og þar með jaðarsetji þá einstaklinga sem falla illa að þessu normi (García, 2009). Þessu þarf að vera sérstaklega vakandi fyrir ef kynfræðslan á að nýtast öllum einstaklingum sem hana sitja og ef hún á í raun að stuðla að auknu kynheilbrigði allra. Þar er bæði átt við hinsegin einstaklinga eða einstaklinga sem eru að íhuga hinsegin hegðun og sjálfsmynd, og ríkjandi viðhorf um hlutverk og hegðun stúlkna og drengja, svo sem að drengir skuli vera ákveðnir þegar kemur að kynlífi en stúlkur viðföng (Holland o.fl. 1990).

Í persónulegum samskiptum rannsakanda við ungt hinsegin fólk hefur kynfræðsla stundum komið upp og hafa þau þá látið í ljós þá ósk sína að hinsegin veruleiki hefði verið ræddur meira. Vissulega er samkynhneigð rædd meira en hér áður fyrr, en sjaldan er minnst á aðrar kynhneigðir svo sem pankynhneigð eða eikynhneigð (e. *asexuality*). Einnig hafa ungliðarnir tjáð að

samkvæmt þeirra reynslu þá snérist þessi kynhneigðarfræðsla fyrst og fremst að því að segja að þessar kynhneigðir væru til, en ekki var farið nánar út í veruleika og upplifanir hinsegin fólks, samfélag hinsegin fólks á Íslandi, að til væru samtök sem stuðla að fræðslu og stuðningi við hinsegin fólk, né annað sem gæti auðveldað ungu hinsegin fólk í skólakerfinu að standa sterk í sinni reynslu og upplifunum.

Að skilgreina gagnkynhneigð

Í öllum rannsóknum er nauðsyn að skilgreina lykilhugtök.

Hugtakið kyn (e. *sex*) er notað yfir líffræðilega eiginleika sem oft eru skildir sem karlkyns eða kvenkyns. Kyngervi (e. *gender*) er hið félagslega kyn, þ.e. hvernig einstaklingar framkvæma kyn sitt (e. *do gender*, sjá t.d. West og Zimmerman, 1987). Kynvitund snýst um hvernig einstaklingurinn upplifir sig sem karlkyns eða kvenkyns, blöndu þar á milli eða hvorugt. Einstaklingast kallast sískynjaðir ef þeirra kynvitund samræmist því kyni sem þeir fengu úthlutað við fæðingu en trans ef að ósamræmi er þar á milli (Trans Ísland, e. d.). Nýrðið kynsegin er íslenskun á *genderqueer* og snýr að fólk sem finnur sig ekki innan tvíhyggju kyns. Kynhneigð snýst um hvort að einstaklingar laðist að öðru kyni en sínu eigin, sama kyni, fleiri en einu kyni eða engu. Aðlöðun getur bæði verið kynferðisleg og rómantísk. Þau sem upplifa takmarkaða eða enga kynferðislega aðlöðun kallast eikynhneigðir (DeLuzio Chasin, 2011).¹ Þau geta þó laðast rómantískt að öðru fólk og skilgreint sig þá sem gagnkynhneigð, samkynhneigð, tvíkynhneigð eða með aðra kynhneigð. Kynverund er annað lykilhugtak en það má segja að hún sé „grundvallarþörf á sviði mennskunnar” og „fjallar ekki einvörðungu um kynferðislega fullnægingu ... hún er sá kraftur sem hvetur okkur til að finna ást, tengsl, hlýju og nánd og lýsir sér í skynjun, hreyfingu og snertingu” samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (Langfeldt og Porter, 1986, bls. 67, í þýðingu Sólveigar Önnu Bóasdóttur, 2012). Einstaklingar sem skilgreina sig sem eikynhneigða, þ.e. upplifa ekki kynferðislegar langanir, hafa því engu að síður kynverund.

Það er vissum erfiðleikum háð að skilgreina gagnkynhneigð eins og hún mun vera notuð í þessari greiningu. Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2010) hafa tekið saman ýmis hugtök ásamt þýðingum, t.d. *heterosexism*, *heteronormativity* og *compulsory heterosexuality* sem eru þýdd ýmist sem gagnkynhneigðarhyggja, gagnkynhneigt forræði, hið

¹ Eikynhneigð er ný þýðing fyrir enska orðið *asexual* sem stungið var upp á í tengslum við Hýryrði, nýyrðasamkeppni Samtakanna '78. Það hefur því ekki fests enn í sessi en mun engu að síður verða notað hér þar sem ekki fyrirfinnst samstaða um aðra þýðingu.

gagnkynhneigða regluveldi eða gagnkynhneigð viðmið, og þvinguð eða skyldubundin gagnkynhneigð. Hinseginfælni (e. *homophobia*) er einnig tilgreind og skilgreind. Þeir hafa kosið að nota orðið heterósexismi (e. *heterosexism*) í stað þess að finna íslenska hliðstæðu vegna þessa ósamræmis í notkun í íslenskum fræðiritum. Hér mun hugtakið gagnkynhneigðarhyggja vera notað á eftirfarandi hátt, stuðst við skilgreiningu Pharr (2000) í þýðingu Jóns Ingvars og Ingólfs Ásgeirs (2010):

Heterósexismi [gagnkynhneigðarhyggja] skapar hómófóbíu (gagnkynhneigðarhroka) [hinseginfælni] skilyrði til að dafna með því að gera ráð fyrir að samfélög séu og verði að vera gagnkynhneigð. Birtingarform heterósexisma, áhrif hans og forréttindi, eru jafnframt undirstaða hins viðtekna gildismats. Heterósexismi er því kerfisbundin birtingarmynd hómófóbíu innan stofnana samfélagsins. Heterósexismi og hómófóbía stuðla því saman að þvingaðri gagnkynhneigð (Pharr, 2000, bls. 431, í þýðingu Jóns Ingvars Kjaran og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar, 2010).

Þessi gagnkynhneigðarhyggja birtist fyrst og fremst á fernan máta: með gagnkynhneigðri heimssýn; forréttindi og völd gagnkynhneigðra teljast eðlileg; með kerfisbundinni andúð – meðvitaðri og ómeðvitaðri – í garð samkynhneigðra innan stofnana samfélagsins og að ýtt er undir skyldubundna gagnkynhneigð. Lykilatriði er að gagnkynhneigðarhyggja er stofnanabundin en snýst ekki nema að litlu leyti um viðhorf einstaklinga. Sólveig Anna Bóasdóttir setur gagnkynhneigðarhyggju fram sem „það viðhorf að gagnkynhneigð sé það eina eðlilega kynhneigð fólks og jafnframt undirstaða eðlilegrar kynvitundar (e. *gender identity*) og tengsla kynjanna” (2012, bls. 56). Gagnkynhneigða regluveldið sendir skilaboð um að einungis gagnkynhneigð og sískynjun séu boðleg en líka um hvernig kynverund og sambönd eiga að vera. Þetta birtist til dæmis í hvernig réttindabarátta hinsegin fólks hefur að miklu leyti snúist um aðgang að hjónabandinu sem er mjög sterk stofnun innan gagnkynhneigða regluveldisins sem mótar og endurskapar sambönd inn í ákveðið form, í þessu tilviki lokað parasamband sem oftast en ekki fylgja ákveðnar hugmyndir um búsetu, fjárhag, barneignir o.fl.

Hið gagnkynhneigða regluveldi (e. *heteronormativity*) er tengt hugtak en þó víðara. Það á ekki einungis við það félagslega kerfi sem gerir ráð fyrir því að allir séu gagnkynhneigðir þangað til annað kemur í ljós og þar með jaðarsetur hinsegin einstaklinga heldur snýst þetta regluverk um að stjórna hegðun og sjálfsverund allra, gagn-, sam- og annað-kynhneigðra, inn í ákveðið mót. Hér mun hugtakið gagnkynhneigða regluveldið vera lagt til grundvallar. Þegar minnst er á gagnkynhneigð er ekki einungis verið að vísa til þess að hafa kynferðislegar eða rómantískar tilfinningar til manneskju af öðru kyni, heldur hvernig samfélagið skipuleggur okkar

hegðun, hugsun og hugmyndir í kringum ákveðin mynstur: „Gagnkynhneigð vísar til samansafns félagslegra venja, þar á meðal viðmiða um kyngervis- og kynverundarhegðun, hugmyndafræðarinnar um gagnkynhneigða rómantík og stofnaninna hjónaband og fjölskylda” (Seidman, 1994, bls. 247). Að þessu leiti eru gagnkynhneigðir sískynjaðir nemendur kallaðir (e. *hailed*) inn í þetta kerfi rétt eins og hinsegin samnemendur þeirra og þeim kennt að ákveðin hegðun sé venjuleg og jafnvel skyldubundin (Rich, 1980). Hér geta hinar ýmsu breytur og félagsleg taumhaldskerfi skarast en hið gagnkynhneigða regluveldi er ekki einungis gagnkynhneigt og sískynjað, en það er oft einnig ófatlað og hvítt. Gagnkynhneigða regluveldið snýr þ.a.l. ekki einungis að samskiptum tveggja einstaklinga sem hrífast hvor af öðrum á rómantískan og/eða kynferðislegan hátt heldur er hluti af kerfi sem skilyrðir öll samskipti, sama hvort það er í samhengi vina, innan fjölskyldu, milli vinnufélaga, o.s.frv. (Hofstätter, 2007). Að þessu leiti mætti hreinlega kalla það kynjakerfi, en þó er hætta á því að þá sé horft of mikið á hlutverk karla og kvenna án þess að skoða betur hvernig karla og hvernig kvenna, og einnig að útilokað sé fólk sem fellur að báðum eða hvorugum flokknum.

Skiptir þetta máli?

Það er auðvelt að líta á hinseginfælni (þ.e. hómófóbíu, transfóbíu og intersexfóbíu) sem vandamál og líta svo á að ef að hún er ekki til staðar þá sé ekkert vandamál. Það er einnig auðvelt að líta svo á að þar sem grunnskólinn sé ekki staður þar sem kennt er um sambönd og kynlíf (nema í þar til tekinni kynfræðslu) þá komi hinsegin málefni grunnskólanum ekki við. Veruleikinn er hinsvegar flóknari en svo. Gagnkynhneigða regluverkið umlykur allt samfélagið og leynist kannski best beint fyrir augum. Día Þorfinnsdóttir gerði rannsókn á dönsku barnaefni og komst að því að hinsegin veruleiki nánast fyrirfannst ekki, en hinsvegar var gagnkynhneigð yfir og allt um kring. Þó að efnið var ætlað börnum voru mörg dæmi um foreldra sem voru í sambandi ásamt því að persónurnar voru oft skotnar í einhverjum, þó að báðar væru börn, nánast einungis í gagnkynhneigðu samhengi (Freyr Gígja Gunnarsson, 2015).

Gagnkynhneigð og sískynjun eru nefnilega út um allt. Það þarf ekki að tala um kynlíf og kynhneigð við börn til að kenna þeim um gagnkynhneigð. Þau læra um gagnkynhneigð þegar það er talað um að í öllum fjölskyldum sé ein mamma og einn pabbi. Í hvert sinn sem barn er spurt „gerðir þú eitthvað skemmtilegt með mömmu og pabba í gær?” án þess að viðkomandi þekki til og viti því fyrir víst að þetta barn á eina mömmu og einn pabba er verið að setja væntingar um hið æskilega fjölskylduform á barnið. Ef að barnið á svo tvær mömmur og engan

pabba, býr hjá ömmu sinni og afa, eða er alið upp af einstæðum föður, svo dæmi séu tekin, er verið að endurskapa gagnkynhneigða regluveldið og búa til misræmi milli fjölskyldu barnsins og hinnar dæmigerðu fjölskyldumyndar. Þegar náttúrufræðikennari kennir að svona lítur karlmannslíkami út og svona lítur kvenmannslíkami út, án þess að farið sé í fjölbreytileika kyns, er verið að endurskapa gagnkynhneigða regluveldið. Það þarf ekki að nefna orðið „gagnkynhneigð” til að kenna börnum að það sé normið, hvað þá sískynhneigð. Af þessum ástæðum er mikilvægt að skoða hvernig hið gagnkynhneigða regluveldi birtist en ekki einungis skoða birtingarmyndir hinseginfælni ef við ætlum að skilja veruleika hinsegin ungmenna og samfélagið allt.

Kynferðisleg kynhneigð

Kynfræðsla er ólík mörgum öðrum námsgreinum að því leiti að hún fjallar um mjög persónuleg málefni, enn fremur en til dæmis stærðfræði og móðurmálskennsla. Mesta sérstaða kynfræðslunnar felst þó mögulega í því að kynlíf og allt sem því tengist er talið tilheyra heimi hinna fullorðnu og ekki einungis vera óviðkomandi börnum heldur geta verið þeim skaðlegt. Kynfræðsla er því umdeild á heimsvísu þar sem hugmyndir um að börn geti spillst með of miklu aðgengi að upplýsingum um kynlíf og strangar reglur eru í flestum menningarheimum um hvað telst æskileg kynhegðun. Það yrði efni í heila bók og mun því ekki vera gert að aðalatriðinu hér, en hafa skal í huga þessa aldurstengdu sérstöðu. Upplýsingar um kynlíf verða að taka mið af aldri og þroska nemenda, ekki einungis vegna þess að flóknar upplýsingar geta reynst ungum nemendum ofviða, á sama hátt og ung börn ráða sjaldan við flóknar stærðfræðijöfnur, heldur vegna þess að upplýsingar um kynlíf eru óhjákvæmilega tengdar þeirra eigin kynþroska sem oftast á sér stað í byrjun unglingsára.

Samkynhneigð er í hugum margra óhjákvæmilega tengd kynlífi á hátt sem gagnkynhneigð er ekki. Í rannsókn DePalma og Atkinson (2009) á viðhorfum kennara í Bretlandi kom fram að margir kennarar voru tilbúnir til að takast á við og vinna á móti hinseginfælnu ofbeldi (e. *homophobic bullying*). Þrátt fyrir það voru mjög fáir kennarar tilbúnir til þess að taka hinsegin málefni inn í almenna kennslu. Það er þá fyrst og fremst vegna ályktaðrar óánægju foreldra um að svoleiðis væri óviðeigandi og að það gætu orðið afleiðingar af því fyrir kennarann. DePalma og Atkinson telja það vera erfitt fyrir kennara að athafna sig á þessu sviði, að taka kynverund inn í kennslu vegna þess að kynhneigðir aðrar en gagnkynhneigð hafa verið skilgreindar sem ofurkynferðislegar (e. *hypersexual*) en kynlíf skilgreint sem börnum óviðkomandi og jafnvel þeim

hættulegt. Hinsegin kynverundir eru því taldar kynferðislegri og því enn hættulegri börnum.

Kynheilbrigði og kynfræðsla

Kynheilbrigði ungmenna á Íslandi er ábótavant. Hér er þónokkuð um óráðgerðar þunganir, kynsjúkdómasmit og mikið er um kynferðislegt ofbeldi. U.þ.b. þriðjungur íslenskra ungmenna notar kynsjúkdóma- og getnaðarvarnir óreglulega (Bender og Kosunen, 2005) og tíðni þungana unglingsstúlkna er hærrí hér á landi en í nágrannalöndunum (Bender, Geirsson og Kosunen, 2003). Notkun getnaðarvarna íslenskra ungmenna er stopul. Ein ástæða þess að ungmenni nota ekki smokk við kynlíf er vandræðagangur og erfiðleikar við að ræða og skipuleggja smokkanotkun (Bender, 2006b). Góð kynfræðsla er því mikilvæg. Einnig er mikilvægt að hún sé á forsendum ungmennanna, þar sem hætta er á að þeir sem skapa fræðslufnið og/eða framfylgja því hafi hugmyndir um hvernig unglingar stunda kynlíf sem eru fjarri þeirra veruleika (Hirst, 2008). Hér er sérstaklega mikilvægt að líta til kynheilbrigðis ungs hinsegin fólks, en rannsókn sem var gerð í Kanada sýndi að hinsegin ungmenni voru mun líklegri til að verða ólétt eða að valda óléttu en önnur ungmenni (Smith, 2014). Rannsakendur gátu sér til um að tvær ástæður gætu legið að baki þessum mun. Í fyrsta lagi þá væri kynfræðsla sniðin að gagnkynhneigða regluveldinu, hinsegin ungmenni sæju sig því ekki endurspegluð í kynfræðslunni og tækju hana ekki til sín. Í annan stað þá lægi ástæðan í beinum áhrifum gagnkynhneigða regluveldisins. Þeir einstaklingar sem upplifðu sig hinsegin að einhverju leyti og skynjuðu það sem neikvætt færu því að ýkja og leika gagnkynhneigð, til dæmis með miklu kynlífi eða með barneignum. Ekki er vitað til að sambærilegar rannsóknir hafi verið gerðar á Íslandi en full ástæða er til að taka þetta til athugunar og sem aðvörun um að þó að hinsegin kynlíf sé oft ekki tengt frjósemi og getnaði þá er það ekki algild regla, sérstaklega þegar fjölbreytileiki kynvitunda er tekinn til greina, og mikilvægt er að hinsegin ungmenni fái heildstæða fræðslu sem endurspeglar þeirra þarfir og veruleika.

Ein leið til að bæta kynheilbrigði ungmenna er með fræðslu og forvörnum. Kirby o.fl. (2007) tóku saman niðurstöður fjölda rannsókna um áhrif kynfræðslu um allan heim og fundu mikil áhrif: tveir þriðju þeirra fræðslu- og forvarnarverkefna sem skoðuð voru breyttu hegðun ungmenna í átt að frekara kynheilbrigði. Því er ljóst að kynfræðslur hafa árangur og mikilvægt er að halda þeim áfram og gera þær sífellt betur, þó fræðsla ein og sér muni ávallt hafa takmörkuð áhrif í kerfi þar sem stofnana- og kerfisbundin mismunun og óréttlæti fyrirfinnst. Sérstaklega þarf að sníða fræðsluna að þörfum allra en ekki gera ráð fyrir því að reynsluheimur unglunga sé

sá sami, því hann er mismunandi eftir því hvort einstaklingurinn upplifir sig hinsegin, er fatlaður eða ófatlaður, og svo mætti halda áfram.

Hvað er hinsegin?

Hugtakið „hinsegin” er bara til út af því að gagnkynhneigða regluveldið er til. Þeir einstaklingar sem falla utan gagnkynhneigða regluveldisins eru fyrst og fremst samkynhneigðir (sama hvort þeir hneigjast til eins kyns eða fleiri) einstaklingar, trans einstaklingar og intersex einstaklingar, en það hefur líka áhrif á gagnkynhneigða og sískynja einstaklinga með dæmigerð kyneinkenni.

Þó að fáir sé sammála um nákvæmlega hvar línan liggja milli þess sem sé okkur náttúrulegt og hvað fylgi menningu og samfélagi á hverjum stað og stund þá hljóta mismunandi venjur og norm í kringum kynlíf og líkama að sýna okkur að hvernig við högum okkur á því sviði er að einhverju leiti félagslega mótað. Það sem tilheyrir gagnkynhneigða regluveldinu er til dæmis:

- Gagnkynhneigð, þ.e. væntingar um kynferðislegar og rómantískar tilfinningar til manneskja af öðru kyni

- Sískynjun, þ.e. gert er ráð fyrir því að kynvitund fylgi ákveðnu mynstri byggðu á útliti kynfæra barns við fæðingu

- Dæmigerð kyneinkenni. Gert er ráð fyrir því að líkami einstaklingsins falli í annan tveggja aðskildra flokka þar sem ytri og innri kynfæri, litningasamsetning og hormónabúskapur fylgi ákveðnu mynstri.

- Kynhneigð. Gert er ráð fyrir því að einstaklingar upplifi kynferðislegar langanir og vilji stunda kynlíf, séu því ekki eikynhneigðir.

Einstaklingar sem falla fyrir utan normið í einhverjum af þessum fjórum flokkum eru oftast skilgreindir sem hinsegin í íslensku nútímasamfélagi. Þar fyrir utan er ýmislegt sem er skyldubundið samkvæmt gagnkynhneigða regluveldinu án þess að það ýti einstaklingum endilega undir hinsegin regnhlífina.

- Monogamy / einkvæni. Þó að hugtakið einkvæni eigi tæknilega séð um hjónabönd þá hefur það einnig verið notað um sambönd sem eru ekki staðfest af embættismanni eða lögum. Sambönd sem fylgja norminu eru sambönd tveggja einstaklinga þar sem mjög nán samskipti og öll kynferðisleg samskipti við einstaklinga utan sambandsins eru skilgreind sem framhjáhald.

Fjölkerir (e. *polyamorous*) og fjölsambönd falla því ekki að hinu gagnkynhneigða regluveldi án þess að vera endilega hinsegin.

- Tegund kynlífs. Ákveðnar kynlífsathafnir eru taldar venjulegar og eðlilegar en aðrar ekki. Kink og BDSM fellur til dæmis utan gagnkynhneigða regluveldisins.

- Stigveldi kynlífsathafna. Sumar kynlífsathafnir eru taldar vera „alvöru“ á meðan aðrar eru „forleikur“.

Manneskja getur því verið gagnkynhneigð og sískynja en engu að síður verið utan gagnkynhneigða regluveldisins ef hún er fjölker, ef hún stundar BDSM, eða á annan hátt upplifir sína kynverund utan normsins. Þetta kallast á við það sem Gayle Rubin (2011) kallar heillahringinn (e. *the charmed circle*) en þar er hvers kyns kynlífi skipt í gott/venjulegt og slæmt/óeðlilegt. Í innri hringnum er það sem samfélagið telur viðeigandi en í þeim ytri það sem er litið niður á. Línan færir svo reglulega eftir því að samfélagið og gildismat þess breytist.

Ekki má misskilja þessa upptalningu sem svo að allt sem tilheyrir gagnkynhneigða regluveldinu sé slæmt. Mörgum líður ágætlega innan þessa kynjakerfis og þar að auki getur verið erfitt að eiga sér einhverskonar kynverund eða sjálfsverund án félagslegs samhengis. Manneskjur eru félagsverur og byggja líf sitt með þeirri orðræðu sem þeim er aðgengileg. Það er hinsvegar góð og þörf æfing að skoða hvar þessar línur eru dregnar milli hins æskilega og óæskilega, hvernig þeim er viðhaldið, hverju og hverjum er haldið fyrir utan þær og hvaða afleiðingar það hefur.

Í þessu verkefni mun hugtakið hinsegin vera notað yfir þá einstaklinga sem falla ekki að gagnkynhneigða regluveldinu, fyrst og fremst þá sem hafa kynhneigð aðra en gagnkynhneigð og/eða upplifa sig sem trans að einhverju leiti. Það er umdeilt nákvæmlega hvar þessi lína fellur, eða hvort hægt sé yfirhöfuð að skipta einstaklingum upp í hinsegin og ekki-hinsegin, þar sem bæði geta einstaklingar upplifað sig hinsegin stundum en ekki alltaf, og svo breytast normið oft hratt og það sem var öðruvísi í gær er orðið venjulegt í dag. Einnig er umdeilt hvort einstaklingar sem eru t.d. intersex, eikynhneigðir, fjölkerir eða kinky falli undir hinsegin regnhlífina, og er hægt að skilja þessa hópa sem á jaðrinum milli normsins og þess sem hefur verið afmarkað sem hinsegin. Einnig er hugtakið „hinsegin nemandi“ umdeilt, þar sem ekki skilgreina allir sig á ungum aldri undir hinsegin regnhlífinni né eru endilega búin að komast að niðurstöðu um sína kynhneigð og/eða kynvitund. Ungmenni gæti til dæmis velt því fyrir sér í einhvern tíma hvort að

viðkomandi sé mögulega samkynhneigður. Er viðkomandi hinsegin á þeim tíma, en ekki lengur þegar vangavelturnar falla til hliðar? Til einföldunar þá mun hugtakið hinsegin nemandi vera hér notað yfir bæði þá nemendur sem að skilgreina sig kyrfilega undir hinsegin regnhlífinni ásamt þeim sem myndu mögulega falla að einhverju leyti undir hana á einhverjum tímamarki.

Hinsegin í skólanum

Þó að við fyrstu sýn komi skólakerfið kynverund nemenda lítið við þá þarf ekki að leita lengi til að sjá að skólaumhverfið, bæði kennarar, samnemendur, kennsluhættir og stefnur skólans, geta haft mjög mótandi áhrif á sjálfsverund, þar af kynverund, nemenda. Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson benda á að þó að kynlíf og sambönd séu ekki beint kennd innan skólans þá gegnsýrir stofnanabundin gagnkynhneigðarhyggja umhverfið: „að gagnkynhneigð sýn á líf einstaklinga og gagnkynhneigð viðmið séu svo ríkjandi í viðkomandi stofnun að tvíkynhneigðum, samkynhneigðum og transfólki finnist það vera sett utangarðs og líði fyrir það” (2010, bls. 2). Mikilvægt er að kennarar skoði sín eigin viðhorf gagnvart hinsegin fólki, kynhlutverkum og kynjapólitík yfirhöfuð þar sem þessi viðhorf berast óhjákvæmilega inn í kennslu nema þau séu skoðuð og kennarinn meðvitaður um þau og hvernig þau birtast (García og Slesaransky-Poe, 2010).

Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2010) rannsökuðu upplifun ungra samkynhneigðra karla í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þessi rannsókn beindist ekki að námsefninu sjálfu heldur hvort greina mætti stofnanabundna gagnkynhneigðarhyggju í menningu og formgerð skólans. Viðmælendur þeirra lýstu upplifunum sínum á skjön við þau viðmið sem voru afgerandi innan skólans með gagnkynhneigðri orðræðu, skilningsleysi samnemenda, skorti á fyrirmyndum og ósýnileika og þöggun á málefnum hinsegin nemenda. Einn nemandi, áður en hann tilkynnti umheimnum um sína kynhneigð, lýsti hvernig hann upplifði síendurteknar umræður um gagnkynhneigð sem óþægilegar þar sem hann gat ekki tekið þátt í þeim: „Honum fannst leitt að geta ekki tekið þátt í umræðunni og þar með varð orðræðan þrúgandi fyrir hann. Hann fór að líta á hana sem ögrun við sig og áminningu um að hann væri öðruvísi en jafnaldrarnir” (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010, bls. 7). Upplifun hans var því að þó að gagnkynhneigð væri ekki nefnd sem umræðuefni þá var gert ráð fyrir henni í þeim umræðum er snéru að samböndum, kynlífi og hrifningu og ekki var gert rými fyrir aðrar upplifanir. Hér er dæmi um hvernig, orðræðan sem er gegnumskýrð hinum gagnkynhneigðu viðmiðum getur birst þeim sem ekki falla að henni, þó ekki sé talað illa um samkynhneigð eða

hinsegin einstaklinga.

Nemendur og kynfræðsla

Eins og minnst var á áðan þá er óhjákvæmilegt að kynfræðsla komi á framfæri gildum um hvað telst æskileg kynverund og kynhegðun. Þessi skilaboð geta bæði verið bein og óbein, meðvituð og ómeðvituð. Bein skilaboð eru til dæmis það sem kemur fram með beinum orðum í fræðslunni, annaðhvort í orðum kennara eða kennslubóka. Óbein skilaboð geta falist í ýmsu, svo sem fasi kennara, þögnum og hinu ósagða og uppbyggingu fræðslunnar. Til dæmis má nefna að það að forðast að segja beinum orðum hvað telst siðferðislega rangt og rétt í kynfræðslu, eins og er gert í t.d. skírlífisfræðslu (e. *abstinence only*) heldur frekar að fræða nemendur um hinar ýmsu staðreyndir kynlífs og frekar leyfa þeim að komast sjálf að niðurstöðu um sitt eigið siðferði, er ekki að öllu hlutlaust. Það að nemendur eigi að hafa rými til að gera sér grein fyrir sínum eigin gildum með því að fá upplýsingar er gildi í sjálfu sér - lýðræði, sjálfsþroski og sjálfstæði frekar en að fylgja trú, samfélagi eða öldungum (Lamb, 2013).

Varast skyldi að setja samasemmerki á milli þeirra skilaboða sem fyrirfinnast í kennsluefni og þeirrar þekkingar og viðhorfa sem nemendur tileinka sér. Með því að biðja háskólanemendur að kóða kynfræðslukennsluefni rannsökuðu Gordon og Ellingson (2006) skoðanir og túlkun fjölda nemenda á sama efni og komust að því að það var mikill munur á því hvernig sama efnið var túlkað. Niðurstaða Gordon og Ellingson er að það verði að gera ráð fyrir mismunandi sjónarhorni og upplifun nemenda. Ekki sé hægt að rannsaka einungis hversu vel efni kemur ákveðnum skilaboðum á framfæri heldur skiptir bakgrunnur hvers nemenda máli. Þær tengja þetta við handritakenningu Simon og Gagnon sem setja upplýsingar og skilaboð um kynlíf og kynverund sem menningarleg handrit sem að hver „handritalesari” getur túlkað, hafnað, sett meiningu í og lagað að sínum reynsluheimi.

Þannig má velta fyrir sér hvort að hinsegin og ekki-hinsegin nemendur túlki og upplifi kynfræðsluefni á mismunandi hátt. Þó að hinsegin nemendur og gagnkynhneigðir og sískynja nemendur sitji í sömu kennslustofunni og fái sömu kennsluna þá geti upplifunin og þau skilaboð sem þau taka til sín verið ólík. Að sama skapi er ekki hægt að leggja til að allir hinsegin nemendur upplifi kynfræðsluefnið á sama hátt - hópurinn „hinsegin nemendur” er fjölbreyttur.

Kynfræðsla á Íslandi

Í lagaumhverfi kynfræðslu er mikið rými til túlkunar. Í lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir (1975, síðast breytt

2011) kemur fram að Landlæknir hafi yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu. Þar inni skuli vera kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks sem skuli fara fram á heilsugæslum og sjúkrahúsum (2. gr). Í sjöundu grein kemur svo fram: „Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.” Ekki er hér vikið að því hvað skuli vera innifalið í þessari fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífs, hversu yfirgripsmikil hún skuli vera eða hvaða gildum skuli vera komið á framfæri. Þar sem skólaskyldu líkur yfirleitt á sextánda ári má þó ætla að þessi kynfræðsla skuli fara fram á unglingastigi. Staða skólayfirlækni féll niður með nýjum grunnskólalögum árið 1995. Kynfræðsla er því oft á vegum hvers skólahjúkrunarfræðings fyrir sig.

Þegar námskrár eru skoðaðar kemur svipað í ljós. Ný aðalnámskrá var gefin út árið 2011. Þar kemur fram að jafnrétti sé einn af grunnþáttum menntunar og að undir jafnrétti falli m.a. kyn og kynhneigð (2.1.4.) Nálgun þessarar námskrár er ekki að setja fram í smáatriðum hvað skal kennt á hverjum tíma heldur eru sett fram svið, gildi og markmið. Hverjum skóla er svo í sjálfsvald sett að útfæra á sinn máta og setja sínar eigin áherslur. Ekki verður skorið úr um hér hvort að þetta sé farsæl leið eður ei, enda ekki markmið þessarar rannsóknar, en það gerir rannsakanda erfiðara fyrir því ekki liggja fyrir skýrar lýsingar á hvað kynfræðsla í grunnskólum skuli innihalda.

Reykjavík, sveitarfélagið sem hér skal rannsakað, er með ýmsar stefnur og reglugerðir þegar kemur að fræðslumhverfi og almennu umhverfi Reykvíkinga. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að „Allt uppeldis- og tómsundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því að þátttakendur geti verið samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, transgender eða gagnkynhneigðir. Ólíkar kynhneigðir fólks séu ræddar kinnroðalaust og fræðsluefni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar því verður við komið” (6.3.1.). Það er því stefna Reykjavíkurborgar að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu. Hér skal skoðað hversu vel það tekst.

Aðferð

Þessi rannsókn er unnin með eiginlegum aðferðum. Til að auka réttmæti rannsóknarinnar voru þrjár aðferðir valdar: einstaklingsviðtöl við kynfræðslukennara, rýnihópaviðtal við hinsegin ungmenni auk þess að kennslugögn voru skoðuð og orðræðugreind

(Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Við greiningu gagna var notast við grundaða kenningu (e. *grounded theory*) (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013).

Einstaklingsviðtöl við kynfræðslukennara fóru fram til að heyra um þeirra nálgun á kynfræðslu, með hvaða hætti hinsegin málefni eru tekin inn í kennsluna, hversu meðvituð þau eru um tilhneiginguna á því að skólakerfið endurskapi hið gagnkynhneigða regluveldi og hvaða aðferðir þau noti til að vinna gegn því.

Mikilvægt er að fá sjónarhorn þeirra er málið varðar mest, í þessu tilviki hinsegin ungmenni. Frekar en að gera hafa einstaklingsviðtöl var ákveðið að hafa hópviðtal, eða rýnihóp. Það er eigindleg rannsóknaraðferð sem „notuð er til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps gagnvart ákveðnu viðfangsefni ... Hjarta rýnihópa eru þær samræður sem eiga sér stað milli þátttakenda” (Sóley S. Bender, 2013). Í rýnihópa eru valdir þátttakendur sem hafa eitthvað sameiginlegt sem tilheyrir tilgangi rannsóknarinnar, í þetta sinn einstaklingar sem hafa upplifað kynfræðslu í Reykvískum grunnskólum og tilheyra minnihlutahópnum hinsegin. Skiptar skoðanir eru á því hvort að æskilegt sé að einstaklingar hópsins þekktist innbyrðis. Það getur þó orðið til þess að umræður gangi betur og séu einlægari (Sóley S. Bender, 2013). Í þessu tilviki þekkjast ungmennin í rýnihópnum, þó misvel.

Til að bæta við þá þekkingu sem fékkst frá viðmælendum voru nokkrar kynfræðslukennslubækur og heimasíða skoðuð til að athuga hvort að gagnkynhneigða regluveldið komi þar fram með berum orðum. Þar fór einföld orðræðugreining fram. Bækurnar *Kynlíf: kynfræðsla fyrir unglinga* eftir Ásdísi Olsen (2006) og *Um stelpur og stráka: kynfræðsla* eftir Erlu Ragnarsdóttur og Þórhöllu Árnadóttur (2006) ásamt vefsíðunni *Kynfræðsluvefurinn* voru skoðuð með þetta í huga. Þessi kennslugögn voru valin vegna þess að þetta eru helstu kennslugögn í kynfræðslu sem Námsgagnastofnun býður upp á. Draga má því þá ályktun að þau séu í ágætri útbreiðslu. Auk þess nefndu kennaraviðmælendur að þeir nota það til kennslu. Þessi hluti rannsóknarinnar er að hluta til byggður á verkefni sem rannsakandi vann fyrir námskeið í kynfræði við Háskóla Íslands 2013.

Val á viðmælendum

Rannsakandi og samstarfsaðili (þáverandi skólastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur) settust niður og völdu nokkra skóla í Reykjavík til að senda boð á um að taka þátt í þessari rannsókn. Boðið var sent af skólastýru. Skólar voru valdir með tilliti til fjölbreytileika: dreifðir um borgina, í grónum og nýjum hverfum, stórir og litlir. Einnig voru skólar sem rannsakandi hefur tengingu

við útilokaðir. Ekki þáðu allir skólar boðið og var það þá sent á aðra skóla sem voru svipað samsettir. Tímasetning gerði rannsókninni erfitt fyrir: verkefnið var samþykkt seint á vormánuðum og var þá stutt í sumarfrí og lokanir. Ella hefði mögulega verið hægt að skipuleggja fleiri viðtöl. Í lokin voru tekin viðtöl við kynfræðslukennara í þremur skólum sem eru dreifðir um borgina.

Það var á dagskránni að taka einnig viðtal við hjúkrunarfræðing, þar sem hjúkrunarfræðingar sjá um hluta af kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur. Það gekk þó ekki upp þar sem hjúkrunarfræðingar voru í verkfalli á viðtalstímabilinu.

Rannsakandi var í byrjun rannsóknartímabilsins einn af umsjónaraðilum Ungliðahreyfingar Samtakanna '78 sem er fyrir hinsegin ungmenni á aldrinum 13-20 ára, og hafði verið í eitt ár. Þekkir rannsakandi því mörg ungmenni sem skilgreina sig sem hinsegin. Auglýsing um þátttöku í rannsókninni var sett inn á lokaðan facebook hóp fyrir Ungliðahreyfinguna þar sem óskað var eftir þátttöku ungmenna sem skilgreindu sig hinsegin og voru í eða höfðu nýlega útskrifast úr grunnskólum í Reykjavík. Fimm ungmenni höfðu samband og vildu fá að taka þátt. Hér er því um tilgangsrátt að ræða (e. *purposive sampling*) (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Eitt ungmenni forfallaðist svo fjögur ungmenni mættu til hópviðtals. Úrtakið er lítið og því er hætta á úrtaksskekkju (e. *elite bias*) en þar sem þessi rannsókn er smá í sniðum er það óhjákvæmilegt.

Framkvæmd

Í samstarfi við þáverandi skólustýru Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar voru þrjú viðtöl skipulögð við kynfræðslukennara. Tvö voru tekin augliti til auglitis með því að fara í heimsókn í skólann þar sem viðkomandi vinnur og eitt viðtal var tekið í gegnum síma. Notast var við hálfstaðlað viðtal, þar sem listi af spurningum var hafður til hliðsjónar en umræðunni einnig leyft að fara þangað sem hún fór (Helga Jónsdóttir, 2013). Viðtalsramman má sjá í viðauka.

Rýnihópaviðtalið var haldið í Íbúðinni ungmennahúsi sem er félagsmiðstöð rekin af Reykjavíkurborg, en þar höfðu fundir Ungliðahreyfingar Samtakanna '78 farið fram um nokkurn tíma. Rýmið var valið með tilliti til þess að það er miðsvæðis, ungmennin þekktu þar til og rannsakandi hafði lykklavöld. Talið er mikilvægt að velja staðsetningu sem þátttakendur þekkja vel (Sóley S. Bender, 2013). Einnig var mikilvægt að hægt væri að ábyrgjast næði þar sem hinsegin ungmenni eru viðkvæmur hópur. Boðið var upp á pitsu og gos í viðtalinu, bæði til þess að þakka ungmennunum fyrir að taka þátt og einnig til að skapa þægilegra andrúmsloft.

Í byrjun allra viðtala var trúnaður ítrekaður, þ.e. að hvergi yrði minnst á hvaða skólar tóku þátt í rannsókninni, nöfn þátttakenda í rýnihóp yrðu hvergi birt og að upptökum yrði eytt eftir notkun. Þátttakendur í rýnihóp fengu bréf frá rannsakanda sem þau gátu deilt með foreldrum sínum þar sem rannsóknin var útskýrð og trúnaður ítrekaður þar sem flest þeirra eru undir 18 ára aldri. Rannsakandi var stjórnandi rýnihópaviðtalsins og var hlutverk stjórnanda að gæta þess að umræður færu vel fram, að komið var fram af virðingu við alla þátttakendur, að allir fengu tækifæri til að tjá sig og að umræður færu ekki of langt út fyrir viðfangsefnið. Mikilvægt er að rannsakandi láti ekki í ljós hvort hann sé sammála eða ósammála þátttakendum (Sóley S. Bender, 2013).

Þau námsgögn sem voru skoðuð voru fengin annaðhvort á Landsbókasafni eða á internetinu.

Álitaatriði

Mikilvægt er að taka fram að rannsakandi þekkir ungmennin sem tóku þátt í rannsókninni. Þessi tengsl geta haft áhrif á hegðun og tjáningu viðmælenda. Engu að síður þá telur rannsakandi að kostir þessara tengsla vegi þyngra en gallar. Hinsegin ungmenni eru viðkvæmur hópur sem getur verið erfitt að nálgast. Rannsakandi telur að það traust sem var búið að byggja upp milli rannsakanda og viðmælenda hafi haft jákvæð áhrif á viðtalið þar sem ungmennin gátu verið hreinskilin og opinská um sína reynslu og skoðanir. Einnig er mjög mikilvægt að rannsakandi þekki orðalag og reynsluheim ungmennanna til að geta komið fram við þau af tillitssemi og þekkingu, sé upp að vissu marki hluti af þeirra hóp.

Í byrjun rannsóknar var talið að þau leyfi sem þarf til að rannsaka börn og unglunga undir 18 ára aldri myndu taka of langan tíma til að hægt væri að hafa þann þátt rannsóknarinnar með í verkefninu, en samkvæmt Vísindasiðareglum Háskóla Íslands (2014) skal leita upplýsts samþykkis foreldris eða forráðamanna ef rannsaka á börn undir 18 ára aldri (2.4.3.). Það var þó endurskoðað.

Samkvæmt Vísindasiðareglunum er mikilvægt að rannsóknir fari fram á börnum og að þeirra sjónarhorn fái að heyrast í málum sem snúa að þeim. Einnig kemur fram þar að heimilt er að veita undanþágu frá kröfunni um upplýst samþykki foreldra ef rannsóknin felur ekki í sér áhættu eða tjón fyrir barnið (2.5). Leitin að upplýstu samþykki frá foreldrum komið ungmennunum í óþægilega stöðu þar sem ekki eru allir unglingar opnir með sína kynhneigð eða kynvitund gagnvart foreldrum sínum, eða foreldrar og forráðamenn gætu verið ósáttir við sjálfsmynd unglingsins. Þar að auki snýr þessi rannsókn að því að fá að heyra skoðanir

ungmenna frekar en að gera rannsókn á þeim, svo sem á þeirra heilsufari. Gögnin sem fást úr svona rannsókn eru því ekki viðkvæm. Þannig verður að teljast að áhættan af þátttöku í þessari rannsókn sé mjög lág en ávinningurinn gæti verið töluverður ef hún leiðir til bættrar kynfræðslukennslu sem tekur betur til þarfa hinsegin ungmenna. Samkvæmt 12. og 13. grein Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna eiga börn að fá að tjá sínar skoðanir í samræmi við aldur og þroska. Þar sem hér er um að ræða stálpaða unglinga sem tóku þátt í rannsókninni af eigin frumkvæði er lítið svo á að hægt er að víkja frá þessum siðareglum. Í staðinn fengu ungmennin bréf undirritað af rannsakanda þar sem rannsóknin var útskýrð sem þau gátu látið foreldra sína fá en voru þó sjálfráð um það. Afrit af þessu bréfi má finna í viðauka.

Rannsakandi þekkir ekki til hinna viðmælendanna né til þeirra skóla sérstaklega. Rannsakandi hafði þó hitt einn kennaranna stuttlega þegar hann var með fræðslu um hinsegin málefni í þeim skóla.

Einnig skal taka fram að rannsakandi hefur sinnt jafningjafraeðslu fyrir hönd Samtakanna '78 og er því tengdur málefninu. Sú fræðsla er þó ekki bein kynfræðsla og henni hefur ekki verið sinnt frá því áður en að rannsóknin hófst.

Meðferð gagna

Viðtölin voru tekin upp á fartölvu með forritinu Garageband. Þeim var síðan breytt í mp3 skjöl, spiluð í gegnum forritið iTunes og afrituð. Afritun tók þónokkurn tíma og kynntist rannsakandi gögnunum vel við þetta ferli. Gögnin voru svo sett inn í forritið Atlas.ti og kóðun hófst þar. Ókeypis útgáfan af Atlas.ti sem rannsakandi notaðist við tekur þó einungis við takmörkuðu magni af gögnum og því var einungis fyrsta viðtalið (rýnihópsviðtal) kóðað þar. Hin viðtölin þrjú, við kennara, voru því kóðuð handvirkt á pappír með lituðum pennum og þar sem skrifað var í spássíur. Fyllsta nafnleysis var gætt, persónueinkenni voru ekki sett í lokaskýrslu og hljóðskrár var eytt eftir notkun.

Nánar um kóðun og greiningu

Þegar afritun var lokið voru skrárnar prentaðar út. Rannsakandi las þær gaumgæfilega og kóðaði. Við kóðun voru fyrirframgefnar hugmyndir láttnar falla til hliðar en í staðinn voru hugtök og áhugaverðir þættir í gögnunum kóðuð. Því næst voru kóðar í viðtölum við kennara hópaðir saman í eftirfarandi hópa sem birtust í gögnunum:

- Aðferðir
- Heimspeki/nálgun

- ytri aðstæður
- kennarinn
- bekkurinn
- viðfangsefni.

Kóðum var raðað í þessa hópa. Undir Aðferðir fóru þær aðferðir sem kennarar nefndu að þeir notuðust við: að tengja við umræður sem voru í gangi í samfélaginu, að nota kveikjur, nafnlausar spurningar, o.fl. Í Heimspeki eða nálgun fór sú nálgun sem að kennararnir tömdu sér í sinni framkomu og kennslu. Dæmi um kóða sem fóru þangað er opinn hugsunarháttur, jafnrétti, að vera sífellt að þróa efnið til að halda í við breytingar í samfélaginu og ákveðnar hugmyndir um hvað telst eðlilegt kynlíf og kynverundir. Undir Ytri aðstæður fóru ýmsir praktískir hlutir sem móta það rými sem kynfræðslukennarar hafa til að athafna sig innan, svo sem námskrár og tímarammi skólans. Undir hópinn Kennarinn fór það sem kennararnir töldu kennara þurfa að hafa til að bera til að sinna kynfræðslunni vel, eða sá undirbúningur og aðstoð sem er í boði fyrir kennarann sjálfan. Undir Bekkurinn fór það sem kennarinn leitaði eftir í bekknum sem hann var að kenna, til dæmis að mæta bekknum þar sem hann er og að meta líðan bekkisins og einstaklinganna í bekknum. Undir Viðfangsefni fór það sem kennarar töldu upp að þeir færu yfir í kynfræðslunni. Þar kom fram staðalmyndir kynjanna, klám, samskipti, líkamsvitund og fleira.

Þessi kóðun kom skýrari mynd á það sem viðmælendur höfðu að segja. Ef að markmið rannsóknarinnar væri að skoða nálgun og upplifun kynfræðslukennara af sinni kennslu þá væri hún gagnleg. En þar sem markmið þessarar rannsóknar er að skoða birtingarmyndir gagnkynhneigða regluveldisins í kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur þá er hún takmörkuð að upplagi. Kóðarnir voru því endurskoðaðir, gögnin greind á ný og þá sett í nýja hópa.

Forritið Atlas.ti var notað við kóðun á rýnihópaviðtalinu. Upphaflega var ætlunin að nota það við kóðun á öllum gögnum en þar sem einungis var notast við ókeypis útgáfu forritsins þá reyndust gögnin vera of mikil til að það væri hægt. Viðtalsgögn frá kennurum voru því kóðuð handvirkt. Þægindin við að nota Atlas.ti eru að það er mun minna mál að finna þau textabrot sem hafa verið merkt á sama hátt. Að öðru leyti var kóðun háttáð eins í öllum viðtalsgögnum.

Þegar kóðun rýnihópagnanna var lokið taldi rannsakandi saman hversu oft hver kóði hafði verið notaður, en það var frá einu sinni og upp í 24 sinnum. Kóðarnir voru síðan flokkaðir og greindir. Ef kóðar voru mjög líkir voru þeir sameinaðir og kóðar sem komu einungis fyrir einu sinni voru endurskoðaðir, hvort þeir ættu rétt á sér. Sumir voru látnir fara en aðrir stóðu

fyrir sínu. Því næst voru kóðarnir settir í þrjá flokka eftir því hvers lags þeir væru, en þeir flokkar voru Efnistöð, Aðferð og Upplifun. Sumir kóðar fóru í fleiri en einn flokk. Í Efnistöð fóru þeir kóðar sem snéru að því umræðuefni sem ungmennin sögðu að hefði verið farið í í þeirra kynfræðslu, svo sem kynsjúkdómar, klám og fjölmiðlar. Í aðferð fóru kóðar sem mætti flokka undir kennsluáðferðir, bæði meðvitaðar og ómeðvitaðar, svo sem hræðsluáróður, opið orðalag og tabú. Í upplifun fór svo það sem mátti túlka sem upplifun ungmennanna af sinni kynfræðslu. Þangað fóru kóðar eins og „hefði viljað vita,” ósýnileiki og „geta tjáð sig”. Í hverjum hóp fyrir sig voru á milli 20-25 kóðar. Því næst var hver flokkur skoðaður nánar og flokkaður í frekari undirflokk, ásamt því að tengls milli þeirra komu í ljós. Þeir voru því endurflokkaðir í eftirfarandi flokka: ekta kynfræðsla, hræðsluáróður og gagnkynhneigðarhyggja. Í hvern flokk fóru svo ýmsir kóðar. Þessi flokkun eru grundvallarniðurstöðurnar.

Niðurstöðurnar úr hverjum rannsóknarþætti fyrir sig, úr kennaraviðtölum, rýnihópaviðtali og kennsluefnisgreiningu, voru þvínæst bornar saman. Sumir kóðar komu fyrir hjá bæði kennurum og rýnihópaviðmælendum, svo sem hræðsluáróður, feimni og opið orðalag, en flestir fundist aðeins í öðruhvorum hópnum. Ýmis þemu birtust bæði í viðtalsgögnum og kennslugögnum.

Ein af ástæðum þess að ákveðið var að taka viðtöl við kennara var til að fá betri hugmynd um þau námsgögn sem eru notuð í kynfræðslu í grunnskólum í Reykjavík, þar sem eitt markmiða þessarar rannsóknar er að skoða þau námsgögn sem eru í boði. Hinsvegar kom í ljós í viðtölum við kennarana að hefðbundin námsgögn eru ekki notuð nema að litlu leyti. Þau kennslugögn sem hér eru skoðuð voru þó notuð upp að vissu marki. Einnig töluðu ungmennin í rýnihópnum lítið um kennslugögnin en meira um það sem kennarar og hjúkrunarfræðingar hafa sagt. Þess vegna er þessi kafli rannsóknarinnar minni um sig en hann hefði annars verið. Engu að síður verða nokkrar kennslubækur og vefkennsluefni skoðuð með tilliti til gagnkynhneigða regluveldisins.

Takmarkanir rannsókna

Ýmsar takmarkanir eru á gildi þessarar rannsóknar. Í fyrsta lagi þá snúast eigindlegar rannsóknaraðferðir um að rannsaka hugarheim viðmælanda frekar en að komast að einhverjum vísindalegum altækum sannleik og eru eigindlegar rannsóknir því ávallt takmarkaðar í umfangi og alhæfingargildi. Í öðru lagi þá er þýðið lítið, en einungis voru tekin viðtöl við þrjá kynfræðslukennara og einn hóp af ungmennum. Alhæfingargildi þessarar rannsóknar er því takmarkað. Í þriðja lagi þá er kynfræðsla í grunnskólum Reykjavíkur kennd bæði af kennurum

og hjúkrunarfræðingum sem fylgja annarri námskrá. Til að fá skýra mynd af þeirri upplifun sem nemendur í unglingadeild í grunnskólum Reykjavíkur hafa af kynfræðslu þá er nauðsynlegt að skoða einnig þá kynfræðslu sem þeir fá frá hjúkrunarfræðingum. Sá hluti kynfræðslunnar er ekki tekinn með í þessari rannsókn. Þrátt fyrir þessar taknarkanir þá veitir þessi rannsókn innsýn í upplifun hinsegin ungmenna af kynfræðslu í Reykjavík og aðferðir og nálgun kynfræðslukennara og getur þannig aukið þekkingu á þessu flókna máli.

Niðurstöður

Hér verður farið yfir helstu niðurstöður úr greiningu gagnanna. Þessi kafli er þrískiptur: fyrst er farið yfir helstu niðurstöður úr viðtölum við kennara, því næst ungmenni í rýnihóp og loks námsgagnagreiningu.

Niðurstöður úr kennaraviðtölum

Margt mjög svipað kom fram í kennaraviðtölunum þremur. Hér verða þemu dregin saman og sett fram með tilvísun í gögnin.

Jafnrétti og undirbygging

Allir þrír kennaraviðmælendurnir tóku fram að fyrir þeim var kynfræðsla mun meira en hin „eiginlega kynfræðsla,” eða kynfræðsla í þröngum skilningi. Undir það falla til dæmis upplýsingar um kynsjúkdóma, getnað og hvernig kynlíf fer fram. Kynfræðslu í víðum skilningi tengja þeir við ýmsa mannlega þætti, svo sem tilfinningar, samskipti og fleira, en einnig jafnrétti og kynjafræði hvers konar. Viðmælendur tóku fram að mikil vinna og undirbygging færi fram áður en hin „eiginlega kynfræðsla” hófst. Þetta telja kennararnir mikilvægt, bæði til að kynfræðslan komist vel til skila en einnig til að skapa öruggara og þægilegra rými í kynfræðslunni sjálfri.

Kynfræðsla í sjálfu sér er bara eitthvað aggalítið þannig en svo hengjum við ýmislegt utan á það.

Og ... þegar ég er að vinna með áttunda bekk þá er ég að taka fyrir svona, byrja ég að vinna svona með sjálfsmyndina meðal annars og allt það, svo förum við að vinna með vináttuna og félagana og svo fjölskylduna og og svona smám saman fetum við okkur áfram í átt að því sem við getum kallað hina eiginlegu kynfræðslu.

Þegar við byrjum þessa eiginlegu kynfræðslu þá fer ég með þeim fyrst svolítið í sko grundvallaratriðin. Þetta um sko þú ert ekki með neinar nærgöngular fordómafullar athugasemdir, maður verður að passa sig, og það verða allir að passa sig og virða einkalíf hvers annars. Og hvað sé kynlíf, og þetta séu þessi svona grunnhugtök og jafnrétti og virðing ábyrð og siðfræði og tilfinningar og sjálfsstjórn, þannig að við erum svolítið að fjalla um það. Þannig að við séum öll á sömu blaðsíðunni.

Í viðbót við þessa félagslegu hluta kynfræðslunnar þá tengja kennararnir kynfræðslu við jafnrétti, staðalmyndir kynjanna og önnur svipuð viðfangsefni.

Og þá var ég ekki bara af því að áður hafði ég bara verið með þetta svona, svona, mikið til tengt náttúrulega kynlífi, alls konar, en svo fór ég að aðeins sem sagt að blanda þessu sem sagt aðeins jafnréttinu þarna inn í, þannig að þá vorum við að tala bæði um karlmennsku og kvenleika og femínisma, kynbundið ofbeldi og jafnréttislögin og stöðu kynjanna og svona ýmislegt. Og, en

fyrst og fremst, samt sem áður, og hef ég verið að leggja mikið áður en ég byrjaði svona að tala almennilega um kynlíf. Þá höfum við verið að tala svona um samskipti og svona, og svona bara þú veist. Hjálpa krökkunum að að horfa á semsagt einstaklinginn og margbreytileika mannkynsins og efla svona sjálfstraust nemenda til þess að sporna við einhverjum þrýstingi, hvers konar, sem að hann myndi svo birtast. Og kenna þeim svona að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öllum öðrum óháð kyni, kynáttun eða kynhneigðum og svona. Svo að það var alveg kannski bara fram að áramótum var ég bara í þessu. Og svo er það ekki fyrr en eftir áramót sem að ég gat leyft mér að fara að tala kannski um eitthvað sem tengist kannski beint kynlífinu sjálfu, það er að segja hérna heilbrigðu kynlífi og tengja getnaðarvarnir og tengja þetta við meðgöngu og fæðingu og kynsjúkdóma og svona.

Kynfræðslan er því nálguð í mjög víðum skilningi í þessum þremur skólum og tengd jafnrétti og kynjafræði.

Viðkvæmir nemendur

Fyrir suma nemendur getur kynfræðsla verið erfið. Viðmælendur nefndu að það sé fyrst og fremst annarsveggar vegna aldurs og hinsveggar vegna mögulegrar reynslu.

Nema mér finnst stundum eins og áttundu bekkingar, finnst mér svona, það verður að fara svona, eða þú veist, sum eru rosa viðkvæm. Og ef maður er með þetta í bekkjunum, ekki í vali, þá svona, fer maður rosa varlega sko, finnst mér. Í sambandi við kynfræðsluna.

Mér finnst oft vera einn eða tveir, maður veit ekki í hverju viðkomandi hafa lent, sko. Það er náttúrulega, í stórum skóla, þá eru náttúrulega börn sem hafa lent í ýmsu. Og það geta verið krakkar sem eru, þau eru alveg passív, sko. Og þá náttúrulega, þá gerir maður ekkert til þess að ýta á neitt þar.

Þá er hægt að gera ýmislegt til að vinna í kringum þetta. Einn kennarinn biður nemendur um að deila líðan sinni eftir hvern tíma:

Eftir tímana þá bið ég þau um að skrifa nafnlaust bara á miða hvað fannst, hvernig leið þeim og hvað fannst þeim um tímann. Þannig að ég er alltaf að leyfa þeim að segja. Sum segja kannski ekkert en aðrir, þú veist, og þá kemur nefnilega fram. Það er kannski það sem situr svolítið í mér, sko, að þá kemur, koma kannski þessir krakkar sem að þeim líður eitthvað illa og þá kemur það fram. Þeim fannst þetta óþægilegt, ... Og þá er maður alltaf að hugsa, hvað ætli sé þarna bakvið sko.

Kennaraviðmælendurnir tóku fram að líðan nemenda er mikilvæg þegar kemur að kynfræðslu, enda málefni sem snertir fólk mjög persónulega. Þau nota ýmsar aðferðir til að takast á við það. Eitt það algengasta sem þau nefndu voru nafnlausar spurningar, en allir þrír viðmælendur bjóða upp á þann möguleika í sinni kennslu.

Og svo í lokin á námskeiðinu þá kemur aftur hjúkrunarfræðingurinn sem er mjög fín, og hérna og þá erum við með annan svona spurninga og svara tíma, sko. Þar sem að við skellum þessu bara upp á skjáinn, spurningunum, og svo reynum við að svara eftir bestu getu, semsagt þessum

spurningum sem þær hafa sko eða þeir hafa. Í hópunum.

Og ef það kemur einhver svona inn frá einhverjum svona samtökum og svona að spjalla við þau, eða bara hjúkrunarfræðingurinn sem þau eru kannski ekkert í daglegum samskiptum við, að þau eru tilbúin. Og þegar þau fá tækifæri til að vera með svona nafnlausar spurningar.

Viðmælendurnir telja að nemendur séu frjálssari að tjá sig þegar þau þurfa ekki að koma fram undir nafni og þetta geti því verið gott tæki til að skapa nemendum rými til að spyrja erfiðra spurninga.

Hræðsluáróður

Að forðast hræðsluáróður er eitthvað sem allir viðmælendur tóku fram að væri mjög mikilvægt, bæði kennarar og í rýnihóp. Frekar ætti að nálgast umræðuefnið sem eðlilegan hluta af lífinu.

Ég myndi segja að það [félagslegar hliðar kynlífs] sé svolítið stór þáttur. Frekar heldur en endilega að vera eitthvað að skoða alltaf bara kynsjúkdóma eða, skiluru. Það er ekki alveg þannig. En auðvitað er það með. Og þetta þú veist ... hvernig maður ver sig og allt svona, sko. En það er ekki einhver svona hræðsluáróður um svona hérna, eða þú veist annars verða þau bara einhvern veginn dálítið stressuð yfir þessu. En þetta er alltaf með.

En ég er eiginlega frekar svona persónulega mikið á móti því að vera kannski með hræðsluáróður. Frekar reyna að kenna þetta þannig að það séu, að krakkarnir viti að þetta, þetta er sem sagt er bara eðlilegasti hlutur í heimi, og bara að það sé allt leyfilegt í ást og friði, svo lengi sem að báðir aðilar eða allir aðilar eru sammála eða sem sagt tilbúnir. En þau verði að láta vita og tala saman, mér finnst það svo mikið atriði.

Þannig að það, þarna er svona bara, þessi umræða, og mér finnst einhvern veginn skipta svo miklu máli hvort sem það er kynfræðsla eða eitthvað annað, að það sé bara tekið til umræðu. Þarf ekki að vera annað en að það sé bara einn þáttur í Íslandi í dag eða það gæti bara verið einhver frétt í í fjölmiðli, og maður getur bara tekið upp umræðuna og þetta að maður þurfi ekki að setja sig í einhverjar sérstakar stellingar. Þetta er bara ekkert merkilegra ... málefni, við erum að fjalla um einelti og líðan allan guðslangan daginn, við erum að tala um, okkur finnst ekkert merkilegt að tala um meltingarfærin og eyrun og nefið, af hverju af hverju ætti okkur að finnast merkilegra að tala um kynfæri.

Hér sést að kennararnir leggja áherslu á að gera kynlíf að eðlilegum hluta lífsins og forðast að hræða nemendur til hlýðni með því að ýkja hættur kynlífs og setja það kyrfilega í heim hinna fullorðnu og helst hinna giftu.

Kennslugögn

Eitt markið þesarar rannsóknar er að skoða hvaða kennslugögn eru notuð við kynfræðslu ásamt því hvort kennarar séu ánægðir með það sem í boði er. Því voru viðmælendur spurðir út í

kennsluefni. Kennsluefnið og aðferðirnar eru fjölbreyttar og virðast vera samblanda af hefðbundnum kennslubókum, bæklingum, heimasíðum og tengingum við umræðuna í samfélaginu. Kennarar voru misánægðir með það efni sem í boði er.

Rannsakandi: Finnst þér þú hafa aðgang að fullnægjandi kennsluefni? Fyrir kynfræðsluna?

Nei ég þarf að leita rosalega

En það vantar efni, náttúrulega.

Maður getur alltaf beðið um eitthvað meira.

Tveir viðmælendur nota blaðið *Kynlíf* sem er til í tveimur útgáfum og tveir nota kennslubókina *Stelpur og strákar, kynfræðsla*, sem verða skoðuð nánar í námsgagnagreiningarhluta þessa verkefnis. Annað efni sem er notað er til dæmis *Kynfræðsluvefurinn*, bókin *Hvað er málið?* (2003), myndbandið *Hrein og bein*, fræðslumyndin *Fáðu já*, myndbönd sem kallast *Forfallakennarinn*, ýmsar heimasíður svo sem doktor.is, síða Ástráðs (verkefni læknanema), og aðrar bækur sem fjalla minna um kynfræðslu sem slíkt og meira um kyn og jafnrétti í víðari skilningi, svo sem *Ég er bara ég*, og *Ég og þú og við öll*. Í náttúrufræði er bókin *Mannslíkaminn* notuð. Helst nefna kennararnir þó að þeir búi til sín eigin verkefni ásamt því að nýta sér það sem er í umræðunni og fjölmiðlum á hverjum tíma og eitthvað sem þeir finna á netinu. Einnig nefndu kennararnir að verkefnin væru í stöðugri þróun.

Rannsakandi: Er eitthvað sem þér finnst þér eitthvað vanta í efnið? Eða uppfyllir þetta það sem þú ert að leita að í kynfræðslunni þinni?

Maður getur alltaf beðið um eitthvað meira. Og maður er nú helst sko í dag er maður helst að hugsa um eitthvað sem maður gæti bara nálgast beint á neti. Og ég einhvern veginn bara í þessari kennslu sem og annarri kennslu þá bý ég bara dálítið mikið til bara sjálf efni af því mér finnst það skipta svo miklu máli einhvern veginn að grípa kannski eitthvað sem er akkúrat núna, það er svo auðvelt.

Já. Og svo náttúrulega, netið, mér finnst best að vinna bara, þú veist, finna eitthvað, finna efni þarna á netinu, ef það væru þú veist ... ég held það þurfi svolítið að einblína á það, sko.

Byrjaði að nota hana, en síðan hef ég verið náttúrulega að nýta mér Hvað er málið, og allskonar gögn bara af netinu eins og Ástráður og ég hef verið líka með hérna doktor.is og og bara mikið til verið bara sjálf að finna til efni og búa til efni og verkefni.

Af þessu má draga þá ályktun að hefðbundnar kennslubækur séu ekki mikið notaðar í kennslu þessara kennara. Þau vilji frekar eitthvað sem er auðaðgengilegt og tengt umræðunni sem er í gangi í samfélaginu á hverjum tíma. Hefðbundnar kennslubækur, svo sem þær sem verða skoðaðar í námsgagnakaflanum, eru þó hafðar með.

Eldmóður og feimni

Allir þrír kennaraviðmælendur tóku fram að þau hefðu sérstakan áhuga á kynfræðslu, jafnrétti og tengdum efnum og að það hefði mikil áhrif á bæði að þau hafi tekið kynfræðsluna að sér og einnig að þau hefðu þróað hana á þann þátt sem þau hefðu gert.

Ég held það sé bara af því áhugi manns líka liggur þarna, liggur líka þú veist í jafnréttismálum, þú veist, þannig að maður er bara með þennan opna huga.

Stundum þarf maður bara að leita sér, ef maður hefur áhuga, eins og ég hef. Og þá bara finn ég. Og ég fer að, ég er semsagt í hérna hef alltaf farið á alla þessa kúrsa sem eru í boði og ég hef verið að fara í í er í svona hópum eins og jafnréttishópnum og og og svona. Ég er alltaf tengiliður í allt þetta. ... Ég er rosalega virk. Reyni að vera virk.

Og fá eldmóðinn, sko. Af því maður þarf svolítið að hafa það. Svoltinn eldmóð í þetta.

Af þessum orðum er ljóst að frumkvæði og eldmóður kennaranna hefur haft áhrif á það hvernig kynfræðslu er háttað í þeirra skólum. Þá má velja því fyrir sér hvernig staðan í skólum þar sem vill svo til að ekki sé neinn kennari með brennandi eldmóð fyrir jafnréttis- og kynfræðslu.

Eitt sterkt þema kom í ljós hjá öllum viðmælendum, bæði kennurum og rýnihóp. Það er að það er ekki á færi hvaða kennara sem er að kenna kynfræðslu.

Það eru bara ekkert allir umsjónarkennarar af guðs náð, þó þeir séu góðir enskukennarar eða stærðfræðikennarar, tilbúnir að vinna ... með sjálfsmynd, tilfinningar, og ... ýmislegt sem að tengist lífsleikninni eins og kynfræðslu.

Það sé því hættu á því að kynfræðslunni sé ýtt til hliðar, sem og öðru svipuðu efni í lífsleikni:

Þess vegna er svo mikil tilhneiging, held ég, til þess, að einhvern veginn ýta því út og þú ert farin að nota þennan lífsleiknitíma sem er kannski eina glufan.

Annar viðmælandi tók undir þetta:

Það eru eiginlega bara mjög fáir sem treysta sér í þetta.

Þegar viðkomandi var spurður nánar út í þá kom þetta svar:

Það er bara fólk er eitthvað hrætt við þetta, feimið og bara getur þetta ekki.

Sem mögulega lausn stakk þessi viðmælandi upp á að yngri kennarar tækju frekar að sér

kynfræðslu.

Ég er alveg búin að hugsa þetta, skiluru. Þú veist, er kannski sniðugra að fá, að virkja yngri kennarana með og fá eldmóðinn, sko. Af því maður þarf svólítið að hafa það. Svólítinn eldmóð í þetta. Og þora að henda sér í djúpu laugina bara. Að gera hlutina, sko.

Þessar skoðanir viðmælandanna eru óneitanlega áhugaverðar. Hvaða hæfileiki skyldi það vera sem gerir kennurum kleyft að kenna kynfræðslu vel? Skyldi hann vera meðfæddur eða lærður? Skyldu yngri kennarar vera betri kynfræðslukennarar? Það sem viðmælandinn á mögulega við hérna er að yngri kennarar eru nær grunnskólanemendum í aldri og þ.a.l. reynsluheimi og gæti því náð betur til þeirra. Annaðhvort það eða að hugmyndir um kynlíf hafi breyst mikið á undanförunum áratugum og að eldri kennarar séu íhaldssamari og eigi því erfiðara með að vera opinská um svo viðkvæmt efni sem kynlíf og börn eru. Það verður þó að setja spurningamerki við að yngri kennarar séu sjálfkrafa betri kynfræðarar. Vissulega þarf að vera tilbúin(n) að ræða efni sem oft eru talin tabú og börnum óviðkomandi. Hvað skyldi kennaranám og endurmenntun gera til að undirbúa kennara fyrir þetta verkefni?

Þetta er engan veginn hluti af menntun sem að kennarar fá. Neineineinei. Þetta hefur ekkert verið kennt og hérna bara ég var bara að útskrifast fyrir tuttugu og eitthvað ári síðan, það var ekkert verið að kenna manni að vera kynfræðslukennari. Ég held ekki. Ég held það sé ekki ennþá í kennaranáminu. Ég bara þekki það svosem ekki, en ég held ekki.

Þessi ummæli valda ugg. Það er ómögulegt að segja út frá þessari rannsókn hversu algengt það er að kennarar hafi brennandi eldmóð og hæfileika til að tala um viðkvæm efni við börn og því verður að spyrjast hvernig kynfræðslu er háttað í öðrum skólum.

Hinsegin

Viðmælendur voru spurðir hvort að fjallað væri um hinsegin málefni í kynfræðslunni sem þau komu að. Viðmælendur skólanna þriggja svöruðu þessu jákvætt. Það sé fyrst og fremst gert með fimm aðferðum. Allir skólarnir fá til sín kynningar frá Samtökunum '78, kennararnir temja sér opið hugarfar og orðalag, nýta þann mannauð sem finna má í skólunum, tengja við umræðuna í samfélaginu, nota það kennsluefni sem til er og svara öllum spurningum.

Það bara er auðvitað ekkert inni í myndinni að það sé hægt að fjalla um kynfræðslu og kynlíf án þess að tala um sko hinsegin fólk.

Heimsókn frá félagasamtökum

Viðmælendurnir þrír sögðust allir fá heimsókn frá Samtökunum '78.

Samtökin '78, Samtök hinsegin fólks á Íslandi, halda úti jafningjafræðslu sem stendur

öllum grunnskólum í Reykjavík til boða sér að kostnaðarlausu vegna þjónustusamnings við Reykjavíkurborg. Þessi fræðsla hefur þróast nokkuð í gegnum árin. Að henni koma fyrst og fremst sjálfboðaliðar Samtakanna '78, margir úr Ungliðahreyfingu Samtakanna sem er fyrir 13-20 ára ungmenni. Sjálfboðaliðar halda þó oft áfram í jafningjafræðslunni þó þeir séu orðnir of gamlir fyrir Ungliðahreyfinguna. Innihald þessarar fræðslu eru grunnhugtök um kynhneigð og kynvitund, stutt hugleiðing um kynjaðar staðalmyndir og um fordómafullt orðalag. Þar að auki stendur nemendum til boða að spyrja Jafningjafræðarana spurninga um þeirra líf og reynslu. Hinsvegar er þessi fræðsla ekki kynfræðsla í hefðbundnum skilningi og spurningum um kynlíf er ekki svarað nema í undantekningartilvikum, enda jafningjafræðararnir sérfræðingar í hinsegin málefnum almennt og sinni eigin reynslu, en ekki endilega í kynfræðslu (Samtökin '78, e. d.).² Nemendur fá því almenna kynningu um hinsegin málefni frá jafningjafræðslunni ásamt því að hitta þar fyrir hinsegin ungmenni sem deila af sinni reynslu en Jafningjafræðslan býður ekki upp á hinsegin kynfræðslu. Heimsóknir frá þessari fræðslu eru skipulagðar í þá skólar þar sem rannsóknin fór fram.

Einn viðmælandi tók fram að í þeim skóla er talað um hinsegin málefni (samkynhneigð, trans kynvitundir og intersex) af kennaranum sjálfum með því að nota ýmislegt efni, bæði í kennslubókum og í fjölmiðlum. Einnig er fengin heimsókn frá Jafningjafræðslu Samtakanna '78 en það er ekki það eina. Í öðrum skóla er það gefið í skyn en í þeim þriðja þá nefnir kennarinn Samtökin '78 þegar minnst er á hinsegin málefni.

Rannsakandi: En fjallið þið eitthvað sérstaklega um hinsegin málefni? Í kynfræðslunni?

Já, já við tókum náttúrulega, já það eru náttúrulega Samtökin '78, þau koma hérna inn.

Ég hef verið að fá bæði hérna, við fáum alltaf hérna gesti frá Samtökunum '78, og hérna, og þá höfum við semsagt oftast fengið hérna transgender manneskju og og hérna, homma eða lesbíu, eða semsagt ókynstaðfestan einstakling, það er mjög skemmtilegt. Eða hinsegin fólk, við höfum alltaf fengið þannig.

Og svo fórum við þarna í þetta intersex, sem var akkúrat þarna því um helgina. Þá var þetta viðtal við konuna sem var að tala um [vísad í viðtal við intersex manneskju í fjölmiðlum]... Mér finnst skipta svo miklu máli að geta notað eitthvað sem þau geta tengt við bara lífið í dag. Þetta er núna í umræðunni, núna er verið að fjalla um þetta, nú er þessi bók að koma út, og þannig að þau tengi, við erum ekki alltaf í einhverjum fortíðarsögum. ... Við vorum búin að fá þarna fræðslu frá ungum í Samtökunum '78 sem var verið að fjalla um svona mismunandi kynvitundir

² Rannsakandi hefur tekið þátt í jafningjafræðslu fyrir hönd Samtakanna '78 og þekkir þetta því af eigin reynslu.

og kynímynd og allt það þannig að við tókum þetta aðeins upp.

Það er því ströng tenging milli hinsegin málefna og Samtakanna '78 í huga kennaranna og óljóst er hversu mikið er fjallað um hinsegin málefni fyrir utan þessa heimsókn.

Opið hugarfar og orðalag

Viðmælendur tóku fram að þeir temji sér opinn talsmáta sem útiloki ekki heldur skapi rými fyrir allskonar upplifanir.

Rannsakandi: Fléttast hinsegin málefni og kynfræðslan eitthvað saman hjá ykkur?

Já. Bara já við náttúrulega fáum þessa heimsókn [S78], og og við hérna, við höfum þetta alltaf svona svolítið líka í með, og reynum, maður reynir að passa sig hvernig maður talar, og hvernig maður þú veist, að útiloka ekki neinn eða vera svolítið svona með þetta opið, og og þannig að að allir upplifi það að þetta sé, þú veist, edlilegt hvernig sem hvað sem maður er að gera eða hvernig, hvernig maður upplifir ástina, sko.

Einn viðmælandi tók sérstaklega fram að í stórum nemendahópi verði að gera ráð fyrir því að hinsegin einstaklingar séu í bekknum:

Fyrir utan það að sko það vita það allir, það vita allir að í hundrað og tuttugu manna hópi unglinga eru krakkar sem eru jafnvel óöryggir um kynvitund sína eða eru bara algjörlega með það á hreinu að þeir eru samkynhneigðir. Á hverju einasta ári er maður með krakka sem að falla að sko þessari kategoríu. Þannig að ... mér fyndist sko eitthvað skrítíð að eitthvað ætti bara að fara að skauta fram hjá því eða reynt með einhverjum teprugang gagnvart umfjöllun um það.

En það sem við höfum reynt að gera, er sko að hérna, að að passa okkur hvernig við tölum, náttúrulega, og og og, eða ég, ég bara get talað fyrir mig, sko, og ég held að það sé nú alveg þannig. Og svo að fá, fá ... Samtökin 78 í heimsókn, það hefur náttúrulega verið stórkostlegt, og bara já. Og hafa þetta opið. Í umræðunni alltaf. Og tala þannig, sko.

Já. Við gerum það, eða ég geri það. Ég geri það. Ég fjalla um það. Að það sé semsagt margbreytileiki mannkynsins og líka margbreytileiki kynlífsins. Og það séu semsagt bara að allir eigi rétt á því að elska þann sem að þeir elska óháð því hvernig þeir eru.

Af þessu má draga þá ályktun að þessir kennarar séu mjög meðvitaðir um tilvist hinsegin nemenda í þeirra kynfræðslu og mikilvægi þess að haga kennslunni á þann hátt að allir nemendur upplifi sig sem hluta af hópnum sem kennslan er ætluð, óháð kynhneigð og kynvitund. Þó er óljóst hversu markviss skref eru tekin til þess.

Nýta mannauð

Sérstaklega tóku tveir viðmælendanna fram að þau séu rík að mannauði þegar kemur að hinsegin málefnum. Annaðhvort eru foreldrar barna í skólanum hinsegin, kennarar eða annað

starfsfólk eða þar séu eða hafi verið opinberlega hinsegin nemendur. Þetta telja þau mikinn kost.

Við erum náttúrulega með rosa öflugt fólk.

(Minnst á trans nemenda sem hefur núna útskrifast)

Og hans verkefni í, hérna, var að fara í rauninni í alla bekkina meðan hann var hérna. Það var ótrúlegt afrek hjá honum. Og kynna það sem hann var að ganga í gegnum. Þannig að það var alveg magnað, sko. Þannig að við erum alveg búin að vera að gera helling held ég, sko.

Ég er búin að vera að kenna sem sagt að minnsta kosti fjórum krökkum sem að eiga transgender foreldra svo þetta er bara mjög brýnt. Og þetta er bara minnsta mál fyrir krakkana að hérna, eða þú veist ekki minnsta mál en þau eru orðin bara, þetta eru orðið rosalega opið hérna hjá okkur.

Tilvist foreldra, kennara og annars starfsfólks og nemenda sem opinberlega koma fram sem hinsegin í skólanum getur því gert það að vera hinsegin venjulegra, þar sem ekki er lengur verið að tala um eitthvað sem á sér stað einhversstaðar *annarsstaðar* heldur er komið fyrir innan skólans.

Tengja við umræðuna

Og svo fórum við þarna í þetta intersex, sem var akkúrat þarna því um helgina. Þá var þetta viðtal við konuna sem var að tala um ... [intersex]. Mér finnst skipta svo miklu máli að geta notað eitthvað sem þau geta tengt við bara lífið í dag. Þetta er núna í umræðunni, núna er verið að fjalla um þetta, nú er þessi bók að koma út, og þannig að þau tengi, við erum ekki alltaf í einhverjum fortíðarsögum.

Kennararnir sem voru viðmælendur í þessari rannsókn tóku fram að frekar en að nota eingöngu kennslubækur sem voru kannski gefnar út fyrir nokkrum árum þá tengdu þeir við umræðuna sem var í gangi í samfélaginu á hverjum tíma.

Þannig að það, þarna er svona bara, þessi umræða, og mér finnst einhvern veginn skipta svo miklu máli hvort sem það er kynfræðsla eða eitthvað annað, að það sé bara tekið til umræðu. Þarf ekki að vera annað en að það sé bara einn þáttur í Íslandi í dag eða það gæti bara verið einhver frétt í í fjölmiðli, og maður getur bara tekið upp umræðuna og þetta að maður þurfi ekki að setja sig í einhverjar sérstakar stellingar.

Kennarar hafa því augun opin fyrir áhugaverðum fréttum og umfjöllunum sem tengjast kynfræðslu, meðal annars þá hinsegin málefnum, og nota þau til að opna umræður í bekknum. Þessi kennsluáðferð krefst þess þó að kennarinn fylgist grannt með fjölmiðlum og umfjöllunum í samfélaginu auk þess að hafa þá þekkingu á viðeigandi orðræðu og hugtökum sem eru

síbreytileg.

Nýta kennsluefni

Viðmælendur nefndu kennsluefni sem þau nota þar sem hinsegin málefni koma fyrir. Þeir hafa sýnt fræðslumyndbandið *Hrein og bein* sem er einnar klukkustundar löng heimildamynd frá árinu 2003. Þar segja níu samkynhneigð íslensk ungmenni frá sinni reynslu í sjö þáttum. Sumir viðmælendur hafa þó hætt að sýna hana þar sem hún sé að úreldast og óska frekar eftir uppfærðu efni.

Svo hef ég verið með hérna ... mynd sem ég sýndi þeim sem að ungir samkynhneigðir bjuggu til fyrir nokkrum árum, um svona líf og upplifun þeirra.

Jú, Hrein og bein. Vorum alltaf með hana, sko. En svo einvernveginn... já. Því það hafa orðið svo miklar breytingar. ... Og, rosalegar breytingar, áherslubreytingar og allt þetta, eins og bara hjá Samtökunum, þú veist, þá þarf svona ... þetta er ekki eins og í Hrein og bein lengur. Sennilega. Jú auðvitað að hluta til, en það er svo margt sem hefur breyst.

Einnig er ýmislegt annað hægt að nota. Til dæmis er hægt að nota kafla úr bókinni *Ég er bara ég* til að tala um samkynhneigð eins og þessi kennari gerir, en sú bók skyggist inn í hugarheim krakka í heilum bekk:

Og þarna eru krakkar sem eru með svona ýmislegt bakland og ýmiskonar stöðu, og það sem tengist þau geta flokkað að færi inn í þetta sem við gætum kallað einhverskonar kynfræðslu eða fræðslu um kynvitund og kynhegðun og og allt það það er einn sko strákur í þessum bekk, hann Friðjón. Þegar þau eru að lesa hann, um hann hvernig honum líður og allt það, þá erum við svona aðeins að feta okkur inn í samkynhneigð. Þau eru fljót auðvitað að að kveikja á því, og þarna förum við að tala um sko transgender, ég tók það aðeins með þeim í áttunda bekk og svona, að vera ekki fæddur í réttum líkama.

Viðmælendurnir nota því það efni sem til er til að fjalla um hinsegin málefni innan kynfræðslunnar, bæði sem sérstakt efni og sem hluta af kynfræðslunni yfirhöfuð.

Í heildina má því segja að kennarar taki markviss skref til að fjalla um hinsegin málefni kynfræðslunnar. Skyldi það vera nóg til að veita upp á móti gagnkynhneigða regluveldinu sem setur gagnkynhneigð og sískynjun sem normið og jaðarsetur aðrar kynverundir? Í gögnunum má bæði greina að kynfræðslukennarar taki frumkvæði að því að fjalla um hinsegin málefni innan kynfræðslunnar. Það er gert bæði með því að fjalla sérstaklega um hinsegin málefni og með því að flétta það jafnt og þétt inn í efnið ásamt því að nota opið orðalag, en einnig má merkja upp að vissu marki að kennararnir útvisti hinsegin þætti kynfræðslunnar, bæði til utanaðkomandi félagasamtaka og einnig að beðið sé eftir frumkvæði nemenda.

Beðið eftir frumkvæði nemenda

Þegar kennarar eru spurðir hvort að þau telji að hinsegin nemendur eða nemendur sem gætu verið hinsegin fá kynfræðslu til jafns við samnemendur sína kom eftirfarandi svar:

En þau fá alltaf að setja svona spurningar í kassa hjá mér sem er ónefndur. Það hafa alveg komið svona spurningar hvernig kynlífi, þú veist, samkynhneigðir eða eða þú veist trans eða hvernig þeir eru að upplifa, skiluru.

Hér er því beðið eftir því að nemendur spyrji áður en farið er að fjalla um kynlíf samkynhneigðra og trans einstaklinga. Það má velta því fyrir sér hvort það sé einnig beðið þangað til að einhver spyrji til að fjalla um kynlíf gagnkynhneigðra og sískynjaðra.

Þetta hafði annar viðmælandi að segja við sömu spurningu:

Sko þau eru allavega, þau, þá fá allavega einhverja kynfræðslu. Uhh.. hmm. Sko, þetta, það er alveg spurt út í allskonar hluti, sko, í þessum spurningum, og svoleiðis, sko. Og örugglega má bæta það. Alveg örugglega. Já.

Aftur er minnst á spurningar þegar spurt er hvort að hinsegin nemendur fái fullnægjandi kynfræðslu. Hér er því beðið er eftir að þeir spyrji.

Útvistun til gesta

Einnig má merkja útvistun til félagasamtaka.

Rannsakandi: En fjallið þið eitthvað sérstaklega um hinsegin málefni? Í kynfræðslunni?

Viðmælandi: Já, já við tókum náttúrulega, já það eru náttúrulega Samtökin '78, þau koma hérna inn.

Já, maður er kannski bara, hérna ... látið þetta svolítið í hendurnar bara á þeim sem koma og kynna, sko. Akkúrat það sem þú ert að tala um núna, sko [hinsegin kynfræðsla]. Nema, þegar koma sko, þegar við erum með þessar spurningar, auðvitað reynir maður að svara spurningunum, sko.

Sko þau auðvitað fá öll þennan sama grunn og allir aðrir. Og þeir, það þau fá fræðslu um um samtökin, og ung unga samkynhneigða. Og ... það hafa legið hér frammi hjá þeim ekki reyndar núna kannski síðast þá höfum við verið með lítil nafnspjöld, eða lítil spjöld þar sem, þetta hefur verið bara innan í öllum öðrum gögnum okkar og krakkar hafa geta tekið. Og sagt auðvitað frá Samtökunum, og og það sé hægt að, og heimasíðan skoðuð og allt það, þannig að ... það er ekki svoleiðis að ég segi í stofu 20 þeir sem eru samkynhneigðir fái hér einhverja sérstaka kynfræðslu fyrir þá. Það er ekki þannig.

Það gæti verið bæði jákvætt og neikvætt, þar sem má færa rök fyrir því að betra sé að einstaklingar með sérþekkingu fjalli um ákveðið málefni frekar en kennari sem er með almenna þekkingu, en einnig getur það borið þá merkingu að hinsegin málefni séu eitthvað annað,

eitthvað öðruvísi sem komi að utan en eigi ekki uppruna sinn innan veggja skólans.

Orðuð eða þögul gagnkynhneigð?

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir fjalli um gagnkynhneigð.

Rannsakandi: Fjalliði um, eða kenndi um gagnkynhneigð? Og sískynjun?

Gagnkynhneigð. Ekki sem slíka, þú ert að taka við tókum bara þessi hugtök. Og hvort þau skilji hvað þessi hugtök þýða og hvað þau þýða. Og mér finnst það búið að vera núna kannski síðustu tvö árin sem einhvern veginn svona hugtökum hefur fjölgað. Bara eins og hugtakið pan. Þúst. Hvað er það.

Rannsakandi: Kenndi þið um gagnkynhneigð? Og að vera sískynja?

Já. Sí... hvað segiru?

Sískynjaður. Það er semsagt að vera ekki trans.

Já! Jájá. Og og og panssexual meira að segja og ég man ekki hvað ... þetta er allskonar.

Hér virðast kennarar vera misméðvitaðir um þá aðferð að nefna gagnkynhneigð og sískynjun til að draga úr jaðarsetningu hinsegin kynvitunda. Frekar er fjallað um kynfræðslu annarsvegar og hinsegin málefni hinsvegar, með gagnkynhneigð og sískynjun sem normið. Þó er ekki hægt að segja með hvaða hætti þetta fer fram nema með því að gera þátttökurannsókn og sjá hvernig kynfræðslan fer í raun fram.

Samantekt

Af þessu má draga þá ályktun að almenn umfjöllun um hinsegin málefni, svo sem hinar mismunandi kynhneigðir og kynvitundir, séu hluti af kynfræðslunni en kynfræðslu fyrir hinsegin nemendur skorti. Ekki er tekið frumkvæði að því að fjalla um það kynlíf og þær varnir sem snúa sérstaklega að hinsegin fólki (þó það sé að sjálfsögðu mjög fjölbreytt) heldur snúist fræðslan frekar um að hinsegin fólk sé til. Hinsegin fólk sé því þarna úti einhversstaðar en ekki sem eðlilegur hluti af nemendahópnum. Hér má því sjá birtingarmynd hins gagnkynhneigða regluveldis þar sem gagnkynhneigð og sískynjun er normið á meðan hinsegin kynvitundir eru nefndar en eru engu að síður settar fram sem frávik og eitthvað sem á heima annarsstaðar.

Upplifun ungmenna

Typpið mun finna þig

Eftir að hafa heyrt frá kynfræðslukennurum um hvernig þau nálgast kennsluna er kominn tími til að heyra frá ungmennum um hvernig þau upplifa þá kynfræðslu sem þau hafa

fengið. Eins og kom fram áður þá mættu fjögur ungmenni til viðtals í rýnihóp. Eitt þeirra var í grunnskóla þegar viðtalið var tekið, eða að ljúka við 9. bekk. Eitt ungmennanna hafði útskrifast úr grunnskóla ári áður og var því að ljúka fyrsta ári í framhaldsskóla og hin tvö voru að ljúka öðru ári í framhaldsskóla. Öll gengu þau í grunnskóla í Reykjavík og öll skilgreina þau sig sem hinsegin á einhvern hátt. Ekki var þó spurt hvort að þau væru „í skápnunum“ eða hvort að þeirra kennarar og bekkjarfélagar hafi vitað hver kynhneigð eða kynvitund væri á grunnskólaárunum. Ekki var heldur spurt hvaða skólum ungmennin hefðu verið í þannig að óljóst er, og í raun ólíklegt, að þau hafi verið í sömu skólum og hinir viðmælendurnir kenna í.

Í heildina er upplifun ungmennanna af þeirri kynfræðslu sem þau fengu frekar neikvæð. Skipta má gagnrýni ungmennanna í tvennt: gagnrýni á kynfræðsluna í heild sinni, sérstaklega þegar það kemur að hræðsluáróðri og tabú, og hinsvegar skorti á hinseginvænni kynfræðslu og hinsegin rými.

Tæknileg ekta kynfræðsla

Ungmennin tóku fram að þó að hjá flestum þeirra hafi komið góðar umræður á einhverjum tímamarki hafi mikið af þeirra kynfræðslu verið mjög tæknileg og bara um grunnþekkingu frá vísindalegu sjónarhorni frekar en persónulegu.

Þetta er mjög tæknilegt allt, bara. Setja usb inn í þetta.

Þetta var allt eitthvað rosalega, æji ég veit það ekki. Það var einmitt þú veist það var líffræðikennarinn okkar, og svo eðlisfræðikennarinn okkar, og svo hjúkkan. Og það var allt rosa eitthvað. Bara mjög tæknilegt, það var ekki talað um neitt, einhvern veginn.

En það svona eins og, allavega í grunnskóla, eins og það var ekkert bara hægt að segja nema okkur það sem við þurftum nauðsynlega að vita, um þú veist, að verða óléttur, kynsjúkdóma, en þú veist, ekkert verið að tala neitt um neitt annað.

Í viðbót við þessar grunnupplýsingar kalla þau eftir frekari umræðu, þetta „eitthvað annað“ í staðinn fyrir „ekki neitt.“ Þó að grunnupplýsingarnar séu mikilvægar þá var ýmislegt sem var ekki boðið upp á í hefðbundinni kynfræðslu. Þar nefndu þau sérstaklega stuttmyndina *Fáðu já*, en hún opnaði fyrir allskonar umræður sem hafði ekki verið til staðar þangað til.

Já, það opnaði svona aðeins meira umræðuna um, þú veist, einmitt það, í staðinn fyrir að vera alltaf bara eitthvað, tæknilegt.

Þannig að mér fannst ég geta, þú veist, talað í þessum tíma.

Eða það var bara fullt af umræðum í gangi. Svona, spurningar í kringum þetta sem ég held að hafi bara fylgt með myndbandinu, skiluru.

Í viðbót við þessar tæknilegu upplýsingar kalla þau eftir því sem má nefna félagslega hlutann af kynlífi: samskipti, samþykki, líkamsímynd og fleira.

Af því að þú veist, það var aldrei talað um eins og æji ég veit ekki, hvað má og má ekki. Það var aldrei talað um þú veist, að það er allt í lagi að vera vandræðalegur og það er, þú veist, allt í lagi að spurja, þú veist, finnst þér þetta gott eða finnst þér þetta gott. Þetta, þú veist, hvernig, kynfræðslan var höfuð að, þetta var bara, að þetta myndi gerast bara einhvern tímann. Og fékk mig til þess að vera svolítið hrædda við það því ég hélt það myndi bara allt í einu gerast og ég yrði að vera tilbúin einhvern veginn.

Ungmennin hérna upplifa því frekar en að kynlíf sé eitthvað sem þau geta rætt um og upplifað með sínum bólfélögum á jafningjagrundvelli þá sé það einhver athöfn eða röð atburða sem fylgir fyrirfram gefnu ferli sem þau munu verða að ganga í gegnum einhvern tímann. Þessi nálgun er fræðileg frekar en persónuleg og hér birtist gagnkynhneigða regluveldið skýrt, þar sem kynlíf fylgir fyrirfram ákveðnum hugmyndum um hvernig það skal fara fram.

Ósýnileiki

Aldrei samt fékk ég að vita að þú veist lesbíur stunduðu kynlíf

Ungmennin upplifðu flest mikinn ósýnileika í kynfræðslunni.

Þegar hjúkrunarfræðingurinn er þá er eiginlega ekkert minnst á neitt hinsegin tengt, það er bara talað um þú veist þegar karl og kona, og þú veist um líkama og þannig sem ég skil alveg en þegar það er talað um kynlíf þá er það bara karl og kona.

Þeim fannst ekki vera gert ráð fyrir hinsegin nemendum.

Rannsakandi: Finnst ykkur vera gert ráð fyrir hinsegin nemendum í kynfræðslunni sem þið fenguð?

Nei (í kór).

Jafnvel þegar rætt var um jafnrétti, var það jafnrétti í þröngum skilningi þessa orðs, eða einungis milli karla og kvenna.

Það var einhver svona jafnréttis vika eða dagur eða eitthvað. Það var ekkert hinsegin. Það var bara, það var bara um, eitthvað um konur, eitthvað um karla, og eitthvað um kynferðis... það var ekkert hinsegin eða neitt þannig. Sem mér fannst mjög skrítið. Eða neitt eitthvað svona ekki neitt svona þú veist racial eitthvað þannig. Það var bara um, guð ég man ekki einu sinni hvað, mjög skrítið sumt af þessu. Þetta var eitthvað, karlar og tölvur, eða eitthvað. Jafnrétti.

Hér eru hinar ýmsu mismunarbreytur skildar útundan og jafnrétti látið snúast um

grunnbreyturnar karlkyn og kvenkyn. Fyrir þá nemendur sem upplifa margþætta mismunun eða

falla illa að þessum tveimur boxum þá getur þetta verið óþægileg upplifun og jaðarsetjandi. Hér er því skortur á samtönnun mismunarbreyta eða skörun.

Einnig var þögnin um kynvitundarfjölbreytni æpandi.

Rannsakandi: Var rætt eitthvað um trans fólk? Í grunnskólanum ykkar?

Ekki neitt.

nei

nei

Ég held það hafi nákvæmlega bara aldrei verið minnst á það.

Ég vissi ekki sjött um það fyrr en ég kynntist trans manneskju.

Ég vissi það ekki fyrr en ég fór á tumblr, skiluru. Þá var ég bara, ómægað.

Þar sem viðmælendur í rýnihópi eru trans verður þetta að teljast skortur á upplýsingum ásamt þeim skýru skilaboðum að nemendur í grunnskólum Reykjavíkur séu sískynjaðir. Það er ekki bara skortur á viðeigandi kynfræðslu fyrir trans einstaklinga. Þeir eru ekki einu sinni settir fram sem eitthvað sem fyrirfinnst *þarna úti*, einhversstaðar fyrir utan vegg skólans, heldur er trans fólk ekki til.

Það eru þó nokkrar undantekningar:

Já hún [Ugla Stefanía] var reyndar í Stelpubókinni. Er það ekki? Þá einmitt, þá var ég bara ómægað. Þú veist, það var alveg gott svona, það var góð umræða.

Bókin *Stelpur!* eftir Kristínu Tómasdóttur (2010) inniheldur sögur frá konum og stelpum með ýmsar upplifanir. Til dæmis deilir þar Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir reynslu sinni af því að vera trans kona.

Þessi þögn um trans kynvitundir og skortur á umræðu um hinsegin kynhneigðir fylgir ekki Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar en þar kemur fram að „Allt uppeldis- og tómskundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því að þátttakendur geti verið samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, transgender eða gagnkynhneigðir. Ólíkar kynhneigðir fólks séu ræddar kinnroðalaust og fræðslufni lýsi alltaf fjölbreytileika mannlífsins þegar því verður við komið” (6.3.1.). Hér birtist gagnkynhneigða regluveldið því á skýran hátt með því að aðeins ákveðnir hlutir eru taldir nemendum viðkomandi (kynlíf eins og að snýr að barneignum) en þögn og

ósýnileiki lúta að hinsegin kynverundum.

Nemendurnir eru meðvitaðir um þau áhrif sem þetta hefur haft á þau:

Já, æji ég veit ekki, Einhvern veginn var kynfræðslan sett up þannig að ég var farin að halda að það þyrfti að vera karlmaður þarna, þú veist, annaðhvort eru það tveir karlar, af því þú veist það var talað um það, það var talað um þú veist endaparms, en það var ekki talað um, þú veist, hitt. Þess vegna hélt ég mjög lengi, mjög lengi, að, um, fyrsti kossinn minn eða þú veist myndi ekki teljast með nema hann væri með karli. Þannig að þú veist ég hafði alveg kysst vinkonur mínar og allt það en ég var bara alveg já ... Síðan um leið og ég kyssti strák í fyrsta sinn þá var það bara, „vó, fyrsti kossinn sem að telst með.“ Þú veist, það er óheilbriggt mindset. Að það þurfi alltaf að vera karlmaður þarna.

Hér er bæði komið á framfæri skilaboðunum að gagnkynhneigð sé eðlileg og venjuleg en samkynhneigð sé frávik, sem þýðir að kynverundir hinsegin ungmenna séu ekki hluti af norminu, en einnig þýðir þetta að kynfræðsla sem sé sérstaklega sniðin að þörfum hinsegin fólks verður útundan. Talið barst að töfrateppi (e. *dental dam*) eða plastfilmu sem hægt er að nota til að verjast kynfærasýkingasmiti við munnmök en flest ungmennanna höfðu ekki heyrt um það:

Og þá er það líka, þú veist, eins og það er sagt frá eins og töfrateppi, það væri mjög fínt ef það kæmi inn í kynfræðslur. Ég vissi ekki einu sinni af því fyrr en ég kom hingað [Ungliðahreyfing Samtakanna '78].

ha?

hvað er töfrateppi?

nákvæmlega!

Því verður að draga þá ályktun að sú kynfræðsla sem þau fengu í sínum grunnskólum hafi ekki uppfyllt þær þarfir sem þau höfðu og sé ekki hönnuð til að stuðla að kynheilbrigði þeirra.

Hinsegin

Og það var bara mjög fallegur tími.

Ein af spurningunum sem ungmennin í rýnihóp voru spurð um var um hvort og þá hvernig var fjallað um hinsegin málefni í kynfræðslunni sem þau fengu. Sum þeirra fengu heimsókn frá Jafningjafræðslu Samtakanna '78 og var það mjög jákvætt í huga þeirra flestra. Að öðru leyti er minnst á samkynhneigð, oftast í hjáverkum og ekki alltaf með jákvæðum formerkjum.

Og það er kannski einu sinni svona minnst á „og svo eru samkynhneigðir“.

Rannsakandi: Komu Samtökin '78 í heimsókn?

Ég held það hafi ekki verið neitt þannig í skólanum mínum, sko. Sem ég man eftir.

Ég þurfti að biðja um það en þau komu.

Já, þau komu einu sinni. Og það var bara mjög fallegur tími.

Ungmenni töluðu mjög jákvætt um heimsókn jafningjafræðslunnar sem sýnir að þau þyrsti í jákvæða og upplýsandi umræðu um það að vera hinsegin:

Eða þú veist, fyrst þú ert að tala um svona kennslu, þá var ekki þú veist kennt um samkynhneigð fyrr en þegar 78 kom. Þegar ég var eiginlega í níunda bekk. Og þau voru með svona questions and answers, það var, mjög næs. Af því að sumar spurninganna voru ógeðslega ignorant, en síðan var annað sem að svo, þú veist, eins og spurningar sem að ég skrifaði, ég var svo ánægð að ég fékk svör við þeim.

Ungmennin tala um að sumir kennarar hafi verið mjög jákvæðir og opnir, þó að þeir hafi kannski ekki tekið frumkvæðið að umræðunni.

Náttúrufræðikennarinn minn var rosa opin þegar ég byrjaði umræðu um þetta. Og sagði til dæmis, þú veist, hún var að segja okkur hvað vitiði hvaða kynhneigðir eru og ég kom með eitthvað svona og hún fór að spyrja þú veist hvað er þetta, og já, er þetta svona og fékk allan bekkinn til að vera með í því. Svo hún var rosa opin. En ekki hjúkrunarfræðingurinn.

Þetta rímar að við ummæli kennaraviðmælandenna hér fyrir ofan að þau eru tilbúin til að ræða hinsegin málefni þegar þau eru spurð en taka takmarkað frumkvæði til þess og bíða frekar eftir spurningum frá nemendum, auk þess að eftirláta Samtökunum '78 að fjalla um þessi mál.

Einnig hafa hinseginfælin viðhorf fundið sér leið inn í kynfræðsluna sem þessi ungmenni fengu. Til dæmis:

Ég man alveg eftir því samt, sko, þegar þú ert að tala um það, að þarna líffræðikennarinn minn var einmitt eitthvað, það er verið að tala um endaparmsmök og þú veist, eitthvað, og hún var einmitt að segja eitthvað, það er þú veist ekki gott, það getur skemmt rassinn á ykkur og eitthvað. Og eitthvað svona! Maður er bara eitthvað, hólí sjitt. Hún var bara eitthvað, ég þekki sko homma.

Já. Já það var verið að tala um hérna eyðileggja hringvöðva

Eitthvað exit only. Hah!

Endaparmsmök eru vissulega vandmeðfarin en frekar en að gefa upplýsingar um hvernig er hægt að stunda þau á öruggan hátt eru þau hér í fyrsta lagi tengd við samkynhneigð, þó að nánast allir hafi endaparm, og í öðru lagi eru hættur héra yktar og tengdar við „réttá“ notkun á kynfærum. Að lýsa endaparminum sem „exit only“ viðheldur hugmyndum um að það sé til rétt

og röng leið til að stunda kynlíf þar sem „réttá“ leiðin er hefðbundið gagnkynhneigð siskynjað kynlíf.

Þegar minnst var á hinsegin málefni snérist það oftast um samkynhneigða karlmenn.

Rannsakandi: Hérna, þannig að, þú veist það var alveg minnst á samkynhneigð hjá mörgum ykkar?

Allavega homma.

Hér er því þögn um aðrar kynhneigðir, svo sem samkynhneigð kvenna, tvíkynhneigð og fleiri.

Já, þú veist, það var heldur aldrei talað um tvíkynhneigð. Það var alltaf bara, samkynhneigð, gagnkynhneigðir, það er ekki til neitt annað, og gagnkynhneigð er, þú veist, default.

Þetta rímar við orðræðu og sýnileika hinsegin fólks í heildina þar sem hommar eru í fyrsta sæti, lesbíur í því öðru og tvíkynhneigðir, trans fólk og intersex fólk rekur lestina.

Hræðsluáróður

Hugtakið hræðsluáróður kom mjög sterkt fram í þessari rannsókn, bæði hjá kennurum og rýnihópaviðmælendum. Bæði orðið sjálft og ýmislegt sem hægt er að skilja sem hræðsluáróður.

Kennarar töluðu um að forðast hræðsluáróður en ungmennin nefndu mörg dæmi þess að hann hefði verið notaður:

Það mætti allavega vera minni hræðsluáróður. Það þarf alveg að tala um þetta [kynsjúkdóma], en þetta er alltaf bara svona, „það mun gerast eitthvað slæmt, og þú munt fá kynsjúkdóma og deyja.“

Það var alltaf bara sagt eftir bara AIDS bara er ekkert.

Ég man samt alveg þegar ég var líka, þú veist, svona hræðsluáróður um klám, það var bara „ef þú horfir of mikið á klám, þá geturu aldrei stundað kynlíf nema horfa á klám fyrst!“ og bara eitthvað „þú munt verða háður því og þú munt deyja.“

Eitt sem ég lærði samt í dag. Ég vissi ekki að klamedía gæti verið, væri læknanleg. ... Ég hélt þetta væri bara eitthvað, full blown eitthvað, ég hef aldrei lært um þetta, ég hef bara heyrt að þetta sé til. Og þetta sé bara eitthvað hræðilegt.

Rannsakandi: Þegar það var verið að tala um alla þessa kynsjúkdóma, var líka talað um, þú veist, hvernig er hægt að lækna þá og þannig?

*Nei
nei
nei*

Ekki mikið, sko. Það var bara, þú munt fá þetta og þú munt deyja.

Af þessu má heyra að bæði voru ungmennin meðvituð um að það væri verið að nota hræðsluáróður, þau eru gagnrýnin á það og þau eru meðvituð um þau áhrif sem hann hefur haft á þeirra líf.

Önnur afleiðing þessa hræðsluáróðurs eru ströng skilaboð um hvernig kynhegðun er viðeigandi og hvernig er óviðeigandi, hættuleg og ljót. Hér upplifðu ungmennin mjög misvísandi skilaboð þar sem þau fengu bæði að heyra að kynlíf og afleiðingar þess væru eðlilegir hlutir lífsins, eitthvað sem þau mættu búast við, en einnig eitthvað sem væri stórhættulegt.

Og þú veist, ef að þetta gerist þá fær maður þennan kynsjúkdóm, ef að maður prófar þetta þá fær maður þennan kynsjúkdóm, og maður bara heyrðu já. Þetta ætla ég aldrei að, þú veist. Þú veist, það var messaðið sem ég var að fá. Að ég ætti aldrei að gera þetta því að annars myndi ég fá kynsjúkdóma. Og ég var bara farin að halda það að bara allir strákar væru með kynsjúkdóm. Þess vegna ætti ég aldrei að sofa hjá neinum. ... þetta var bara, að þetta myndi gerast bara einhvern tímann. Og fékk mig til þess að vera svolítið hrædda við það því ég hélt það myndi bara allt í einu gerast og ég yrði að vera tilbúin einhvern veginn.

Með því að normalísera kynlíf – og bara ákveðna birtingarmynd kynlífs – sem eðlilegan hlut af lífinu en einnig sem eitthvað stórhættulegt eru ungmennin því sett í óþægilega stöðu.

Skyldubundin kynhneigð

Það kom sterkt fram í gögnunum að ungmennin upplifðu það að það væri búið að ákveða framtíð þeirra. Upp að vissu marki er það skiljanlegt, kynfræðslan snýst jú um að undirbúa ungmenni undir þær líkamlegu breytingar sem þau ganga í gegnum á unglingsárum auk þess að búa þau undir þá atburði og það líf sem bíður flestra á unglings- og fullorðinsárum. Hinsegin ungmenni sitja þó oft á jaðrinum þegar það kemur að þessum hefðbundnu viðmiðum og eiga því kannski erfðara með að samsama sig þessum kynjuðu væntingum sem settar eru fram í kynfræðslunni. Þau tóku fram að þeim þættu þessar kynjuðu væntingar oft óþægilegar og jaðarsetjandi.

Ein væntingin sem þau fundu fyrir snýr að barneignum.

Já... ég bara hélt að ég bara þyrfti að verða ólétt.

Já mér fannst þetta eiginlega bara allt frekar óþægilegt það var alltaf gert ráð fyrir einmitt „þú munt stunda kynlíf og það mun vera maður og kona. Það mun vera svona, svo verður óléttur.“

Hér fá þau ekki skilaboðin að óléttu og barneignir séu eðlilegur en valkvæður hluti fullorðinsáranna heldur að óléttu muni eiga sér stað sama hvað þau vilja. Þar sem einungis sumar kynlífsathafnir geta leitt til getnaðar, flestar en þó ekki einungis sem tengjast því kynlífi sem er

hefðbundið milli gagnkynhneigðra og sískynjaðra einstaklinga, þá er upplifun ungmennanna að þeirra kynhneigð og/eða kynvitund sé ekki gild. Þau munu verða ólétt.

Einnig er gengið út frá því að nemendur séu kynhneigðir, þ.e. séu ekki eikynhneigðir (e. *asexual*) og vilji þ.a.l. stunda kynlíf.

Já svo er það bara ekkert, það eru ekkert allir sem vilja stunda kynlíf. Það er ekkert tekið ... það var ekkert sagt um það.

já þarna nákvæmlega, það var, það var ekkert talað um það.

Um fólk sem vill ekkert gera það. Það er bara, þú gerir þetta einhvern tímann.

Ef þetta er sett í samhengi við það sem ungmennin hafa lýst nú þegar þá er þetta „þetta“ ekki einungis kynlíf í víðum skilningi heldur ákveðin tegund af kynlífi - gagnkynhneigt og sískynjað kynlíf. Þeim er því sköpuð skylda til að uppfylla skyldur sínar sem æskilegir kynferðislegir borgarar samfélagsins með því að sýna af sér ákveðna kynhegðun.

Í staðinn fyrir þetta kalla ungmennin eftir opnara orðalagi:

Í staðinn fyrir þú veist að maður geti sagt EF þú stundar kynlíf, en ekki ÞEGAR þú stundar kynlíf.

Draumakynfræðslan væri í rauninni bara að það er tekið tillit til allra. Það er tekið tillit til þú veist, fólk sem, eða asexual fólk, og bara í rauninni sagt frá því, sagt í staðinn fyrir að, þú veist, þegar þú gerir, ef þú gerir. Og sagt svona bara frá rosa rólega einhvern veginn. Ekki vera að hræða fólk. Eins og kynlíf sé eitthvað hættulegt. Og bara láta fólk vita að ókei, þetta er hlutur en þú þarft alls ekki að gera hann. En við ætlum að sýna ykkur hvernig maður gerir svona, ef þið ætlið einhvern tímann að gera það.

Hér eru ungmennin í rýnihópnum og kennaraviðmælendurnir sammála um að þetta opna orðalag er mjög mikilvægt. Það sé hægt að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri án þess að það feli í sér kvöð um ákveðna hegðun og langanir.

Drusluskömmun og tabú

Hugtakið drusluskömmun (e. *slut shaming*) hefur verið notað yfir samansafn viðhorfa sem gagnrýna einstaklinga, fyrst og fremst konur, fyrir að vera kynferðislegar utan þess ramma sem hefur verið talinn viðeigandi. Þessi rammi er færanlegur en utan hans fyrirfinnst til dæmis að eiga of marga bólfélaga eða að hafa of sýnilega kynverund. Ungmennin ræddu þessa gagnrýni á of sýnilega kynverund sem þau upplifðu í umræðum um sjálfsfróun í kynfræðslu.

jú, ég man eftir einu, að það kom kennari og fór að tala um svona, einhverja kynfræðslu fattaru, og hún fór að tala um þú veist sjálfsfróun, og hún sagði að það væri eitthvað sem væri ekkert

talað um. Þetta gerði maður bara þú veist, sjálfur.

Já! Það var líka sagt við okkur, bara eitthvað, „þið eigið ekkert að tala um þetta við annað fólk.“ Eitthvað svona. Það var þá einmitt, geðveikt svona bara, ókei, bannað að tala um þetta. Ever, má ekki minnst á þetta.

já

já

Sérstaklega við stelpurnar, einmitt. Bara, þið eigið ekki að tala um þetta.

Þetta gerir maður bara undir sænginni.

já

Okkur var ekki einu sinni kennt um sjálfsfróun, sko.

nei

nei

Það var ekki fyrr en í, nei, ég bara man ekki eftir að það hafi nokkurn tímann verið minnst á sjálfsfróun í einhverjum tíma.

Ég held meira að segja að, vegna þess að það var svona skipt í stelpur og stráka, og þetta var actually, einhver stelpa spurði hvernig gerir maður það. Kennarinn bara eitthvað, „ég veit það ekki.“

Rannsakandi: Hvaða skilaboð finnst ykkur verið að segja með því að tala svona um sjálfsfróun?

Að þetta sé ekki allt í lagi. Sem er náttúrulega bara bull.

Hér eru ungmennunum send skýr skilaboð um að þessi tegund af kynlífi – sjálfsfróun – sé óæskileg og tabú. Það er óhjákvæmilegt að tengja þetta við frjósemiskynlíf – að kynlíf sem getur stuðlað að barneignum sé í lagi og æskilegt, þó að barneignir séu óæskilegar fyrir grunnskólanema, en aðrar gerðir kynlífs séu óæðri, ættu að vera leyndarmál og jafnvel óæskilegar.

Skilaboðin um að eitthvað sé ekki í lagi var ekki bara komið á framfæri með beinum orðum um að eitthvað ætti ekki að ræða. Það má einnig lesa út úr fasi og hegðun kennara og fræðara.

Og síðan já, síðan gerðist það einu sinni að það kom hjúkrunarkona. Og hún fór að, æji hún fór

bara að útskýra hvernig kynfæri virka. Nema hún var svo ótrúlega feimin að hún þú veist, stendur þarna og er bara eitthvað, já þetta er þarna, uh, uh, typpi [hvíslað]. Og æji þetta var svo fáránlegt, skiluru. Af því að hún vildi svo ekki vera þarna, hún bara var bara sveitt í lófunum og hún bara, var bara svona, bara þú veist, henni bara leið illa. Ég var bara æji elskan, farðu heim. Ég skal gera þetta sjálf.

Þetta rímar við ummæli kennaraviðmælanda sem töluðu um að kynfræðsla væri ekki fyrir alla.

Það er greinilegt að fas og hegðun fræðara, sama hvort hann er kennari eða hjúkrunarfræðingur, skiptir miklu máli.

Jú, líka, manneskjan sem er að tala um þetta sé ekki þú veist feimin skiluru. Af því að þá fer maður að halda bara eitthvað æji já maður má ekki tala um þetta.

Það voru þó ekki allir kennarar og fræðarar sem höfðu kennt þessum ungmönnum kynfræðslu sem forðuðust umræðuefnið:

Hún [hjúkrunarfræðingur] var mjög svona, hún var allavega ekkert feimin svo að hún basically bara ... það er allt í lagi að kíkja þarna niður, fólk gerir það ekkert oft, spurði hvort hún vildi lána manni spegil, maður er svona ókei, aðeins að róa þig.

Það eru því ýmis skilaboð sem ungmennin hafa fengið í gegnum kynfræðslu, þar á meðal að sum kynhegðun sé æskileg og jafnvel skyldubundin en önnur sé tabú, skammarleg og leyndarmál.

Raunverulegt

Þegar ungmennin eru spurð hvað þau vilja hafa í sinni kynfræðslu þá eru svörin að þau vilja hafa kynfræðsluna raunverulega og að ekki verði settar kynjaðar væntingar á nemendur.

Rannsakandi: Ef það er eitthvað sem þið gætuð sagt við kennara sem kenna kynfræðslu, hvað myndi það vera?

Ekki vera feimin.

Taktu tillit til allra.

Í staðinn fyrir þú veist að maður geti sagt EF þú stundar kynlíf, en ekki ÞEGAR þú stundar kynlíf.

Draumakynfræðslan væri í rauninni bara að það er tekið tillit til allra. Það er tekið tillit til þú veist, fólk sem, eða asexual fólk, og bara í rauninni sagt frá því, sagt í staðinn fyrir að, þú veist, þegar þú gerir, ef þú gerir. Og, sagt svona bara frá rosa rólega einhvern veginn. Ekki vera að hræða fólk. Eins og kynlíf sé eitthvað hættulegt. Og bara láta fólk vita að ókei, þetta er hlutur en þú þarft alls ekki að gera hann. En við ætlum að sýna ykkur hvernig maður gerir svona, ef þið ætlið einhvern tímann að gera það.

Þær kynjuðu væntingar sem ungmennin upplifðu er mjög sterk. Rannsakandi spurði þau hvort

þau gætu nefnt einhver gildi sem þau tækju úr kynfræðslunni og fékk eftirfarandi svör:

Rannsakandi: ef þið þyrftuð að nefna einhver svona tvö eða þrjú gildi sem ykkur fannst hafa verið komið á framfæri í kynfræðslunni ykkar, gætuð þið nefnt eitthvað? Semsagt þegar þið hugsið til baka um kynfræðsluna, hvað er svona, aðal messagið sem að þið fenguð úr henni?

Gagnkynhneigð.

Rannsakandi: Gagnkynhneigð. Eitthvað fleira?

Bara svona þið MUNUÐ stunda kynlíf.

Typpið mun finna þig.

Já nákvæmlega! (í kór)

The sperm will find you.

Ungmennin hér nefna því sjálf gagnkynhneigða regluveldið, þó ekki með beinum orðum. Þau upplifa að kynfræðslan hafi komið á framfæri því að ákveðin kynverund og kynhegðun sé æskileg og skyldubundin. Þar af leiðandi sé þeirra eigin kynverund sem ekki-gagnkynhneigð, ekki-sískynja og/eða ekki-kynhneigð, skríttin, öðruvísi og óeðlileg. Þessi skilaboð eru þó ekki einungis áhyggjuefni fyrir hinsegin ungmenni því hér eru einnig send skýr skilaboð um hvernig kynhegðun er í lagi og óæskileg fyrir gagnkynhneigð og sískynja ungmenni.

Viðmælendurnir stinga einnig upp á því að kynjaskiptingar séu gerðar á mjög meðvitaðan hátt. Þó að ungmenni sem falla illa að tvíhyggju kyns eigi erfitt með hefðbundna kynjaskiptingu þá sjá þau einnig kosti þess. Þau mæla þó gegn því að strákar og stelpur fái mismunandi upplýsingar.

Og alls ekki flokka þannig að einn kennari kennir strákunum og einn kennari segir bara við stelpur

nei!

Það eiga að vita bæði.

Já nákvæmlega. Þetta er ekki þú veist leyndarmál skiluru.

Nei ég meina ég skil alveg að þú veist að maður heldur að svona kall nái frekar til strákanna skiluru

Litlir krakkar eru kannski meira svona feimnir bara oj, ég vil ekki að strákarnir heyri. En þú

veist allavegana þá að segja öllum sömu upplýsingar.

Ekki bara, já stelpur, og þið fáið bara að heyra um blæðingar og strákar fá bara að heyra um, þú veist, að fá standpínu.

Með því að viðhalda kynjaskiptingu með mismunandi upplýsingum til stráka og stelpna skynja ungmennin að tabú sé viðhaldið, sérstaklega þegar kemur að líkamsstarfsemi sís stúlkna svo sem blæðinga. Með þessari kynjaskiptingu, þó með því sé hægt að skapa öruggara rými til að ræða viðkvæma hluti, er hugmyndum um að líkamar stúlkna og kvenna séu leyndarmál og komi ekki strákum við, viðhaldið. Einnig er tvíhyggju kyns viðhaldið.

Þá kalla ungmennin eftir því að hinsegin kynverundir fái sitt pláss í kynfræðslukennslu.

Þú veist, það er líka, bara eins og að hafa sitthvoran kaflann, hafa kafla bara þú veist hvernig þú getur stundað mök ef að þú ert samkynhneigður maður. Ef þú ert samkynhneigð kona. Eða, þú veist, nottla ekki bara samkynhneigð. En þið fattið, þú veist.

Hér stinga ungmennin upp á því að gagnkynhneigð sé færð úr ósýnilega norminu og gerð sýnileg á meðan að jaðarsettari kynhneigðir, eins og sam- og tvíkynhneigð, fái jafn mikið pláss við borðið.

Einnig vilja ungmennin að kynfræðsla og umræða um kynlíf og það sem því tengist sé raunveruleg og án tabú.

Af því að af því að þú veist kynlíf og hlutir sem að koma að uh, því, eiga ekki að vera þú veist feimnismál.

Já líka bara talaðu um kynlíf eins og venjulegan hlut.

Það mætti allavega vera minni hræðsluáróður. Það þarf alveg að tala um þetta, en þetta er alltaf bara svona, „það mun gerast eitthvað slæmt, og þú munt fá kynsjúkdóma og deyja.“

já svona Mean Girls

If you have sex, you will get pregnant and die!

Hér er verið að vísa í kvikmyndina *Mean Girls* (2004) en þar segir íþróttakennari í kynfræðslu orðrétt: „Don't have sex. 'Cause you will get pregnant and die,“ eða „ekki stunda kynlíf, því þú munt verða ólétt(ur) og deyja.“ Þó þetta dæmi sé ýkt og vísi til skírlífis-eingöngu kynfræðslu eins og tíðkast víða í Bandaríkjunum þá tengja ungmennin við þennan hugsunarhátt og nefna hann sem birtingarmynd þess sem ætti að forðast í kynfræðslu.

Samantekt

Í heildina má því segja að ungmennin upplifðu mikinn ósýnilega um hvers kyns hinsegin málefni, gagnkynhneigð og sískynjun voru talin normið og kynfræðslan einkenndist af fræðilegri og tæknilegri nálgun frekar en persónulegri. Einnig var því komið á framfæri með orðum og fasi að ýmislegt sem tengist kynlífi sé tabú og ætti ekki að ræða um, hræðsluáróður var algengur og þau skorti umræður og fræðslu um heilbrigða kynhegðun og samskipti. Það má sjá ýmis sameiginleg þemu milli upplifun nemendanna og kennaraviðmælenda, til dæmis í tilhneigingu kennara til að útvista hinsegin þáttum kynfræðslunnar til félagasamtaka eins og Samtakanna '78 og bíða þangað til að nemendur spyrja til að tala sérstaklega um hinsegin kynlíf. Þó eru þau einnig sammála um nálgun – nemendurnir kalla eftir því að kynlíf sé rætt eins og eðlilegur hlutur sem kennararnir lögðu einnig áherslu á, og að fleira sé rætt heldur en tæknileg atriði samfara og barneigna sem kennararnir töldu einnig mjög mikilvægt.

Námshaggreining

Takmarkað námsefni er í boði fyrir kynfræðslukennslu fyrir unglíngastig. Tvær kennslubækur voru gefnar út árið 2006 og árið 2008 var Kynfræðsluvefurinn settur í gang. Samkvæmt viðtölunum við kynfræðslukennara hér nýta þau sér þessi gögn en nota einnig glærur sem þau búa til sjálf, myndbönd, greinar og viðtöl í fjölmiðlum og internetið. Í þessum hluta rannsóknarinnar verða kennslugögn skoðuð til að reyna að svara heildarspurningunni, *endurskapar kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur hið gagnkynhneigða regluveldi?* verður hér sérstaklega horft eftir þremur hlutum:

1. Hve mikið er fjallað um samkynhneigð og trans kynvitundir í kynfræðsluefni fyrir grunnskóla?
2. Eru settar fram kynjaðar væntingar til nemenda?
3. Er gert ráð fyrir kynhneigð/kynvitund lesandans?

Með þessar spurningar í huga mun þrennt kennsluefni vera skoðað. Bláðið *Kynlíf: kynfræðsla fyrir unglíngastig* eftir Ásdísi Olsen (2006), kennslubókin *Um stelpur og stráka: kynfræðsla* eftir Erlu Ragnarsdóttur og Þórhöllu Árnadóttur (2006) ásamt vefsíðunni *Kynfræðsluvefurinn*.

Erfitt er að segja fyrir um hversu mikil áhrif kennsluefni sem þetta hefur á upplifun þeirra nemenda sem lesa það, bæði vegna útbreiðslu og upplifunar. Þessar bækur eru varla í notkun í öllum grunnskólum, sumstaðar er mögulega hluti bókarinnar kenndur, annað efni notað til viðbótar eða efnið kennt með gagnrýnum augum. Einnig geta tveir einstaklingar upplifað sömu

kennslubókina á mjög mismunandi hátt. Samt sem áður getur það gefið hugmynd um hvaða gildi og viðhorf liggja að baki kynfræðslukennslu að grandskoða þau skilaboð sem má lesa úr þessu kennslufni. Með því að skoða orðræðuna í þessum kennslugögnum er því hægt að fá vísbendingu um hvaða skilaboð ungt fólk fær um kynlíf, kynhneigð og kynvitund og til hvers er ætlast af þeim sem kynverundarþegnar samfélagsins.

Kynfræðsluvefurinn

Kynfræðsluvefurinn er vefsíða gefin út af Námsgagnastofnun. Ekki er að sjá að vefurinn hafi verið uppfærður síðan 2008 þegar hann var gefinn út. Á honum eru sjö undirsíður: *Kynþroski, Líkaminn, Barneignir, Kynlíf, Varnir, Heilbrigði og Svör*. Hér verður ekki lagt mat á hversu góður eða slæmur vefurinn er sem kennslufni, né heldur hversu vel honum tekst að koma kynfræðslu á framfæri. Einungis verður athugað hvort og hversu mikið er fjallað um hinsegin kynhneigðir og kynvitundir, hvort kynjaðar væntingar séu settar fram til nemenda og hvort að gert sé ráð fyrir kynhneigð og kynvitund lesandans.

Kynþroskinn

Þegar kaflinn *Kynþroskinn* er skoðaður er talað um stelpur og stráka og sagt að „allir verða kynþroska.“ Einnig er talað um að kynþroskinn snúist um að gera líkamann tilbúinn til að geta og eignast barn. Þetta orðalag útilokar intersex ungmenni.

Þó að kynþroska einstaklingur sé fær um geta barn er ekki þar með sagt að hann sé tilbúinn til þess líkamlega og enn síður andlega.

Hérna er spurning hvort það sé verið að ýja að því að þau sem geta eða vilja ekki eignast börn séu bara ekki tilbúin til þess, frekar en að þau hafi ekki áhuga eða tækifæri til. Allir skulu því eignast börn. Þessi kafli er auk þess mjög sískynja, en samasemmerki er sett milli þess að vera stelpa og vera með þíku og þess að vera strákur og vera með typpi.

Á undirsíðunni *Tilfinningar* má finna eftirfarandi texta:

Ýmsar aðrar tilfinningar vakna á kynþroskaaldrinum. Kynhvötin verður sterkari og við löðumst að öðrum - verðum hrifin af einhverjum. Áhugi fyrir kynlífi og nánum samskiptum við aðra vaknar en mjög misjafnt er hve sterk þessi löngun er og hvenær hún gerir vart við sig. Við erum ólík sem betur fer.

Í þessum kafla er fjölbreytileikinn í fyrirrúmi og notast er við opið orðalag. Þó er gefið í skyn að allir hafi einhverja kynlöngun og þ.a.l. er ekki skapað mikið rými fyrir eikynhneigða.

Kynlíf

Eftirfarandi texta má finna í kaflanum Kynlíf:

Orðið kynlíf hefur mismunandi merkingu í hugum okkar. Sumir setja jafnaðarmerki milli kynlífs og samfara meðan aðrir segja að í hugtakinu felist miklu meira eða allt líf manneskjunnar sem kynveru. Flestir tengja samt hugtakið kynlíf við einhvers konar snertingu og örvun á kynferðislega næmum stöðum líkamans, við kossa, kelerí, gælur, fróun eða samfarir. Kynlíf er hægt að stunda með sjálfum sér. Það er kallað sjálfsfróun og hana stunda langflestir. Mikilvægt er að stunda kynlíf með öðrum aðeins ef maður þekkir og treystir hinum og vill það sjálfur.

Hér er víð skilgreining á kynlífi sett fram og gerð tilraun til þess að taka í sundur þá algengu hugmynd að kynlíf snúist eingöngu um samfarir. Hér er því opið orðalag sem skapar rými fyrir alls konar upplifanir.

Á undirsíðunni *Ertu tilbúin(n)?* er hægt að taka lítið próf til að athuga hvort að viðkomandi sé tilbúin(n) að stunda kynlíf. Hér er samt strax búið að hverfa frá tilrauninni hér að ofan til að taka í sundur kynlíf og samfarir og að sjá kynlíf sem alls konar kynferðislega snertingu, heldur snýst spurningin um samfarir:

Samfarir geta verið yndisleg og frábær upplifun eða nóturleg reynsla og mistök. Er ég tilbúin(n)? – Hvenær er rétti tíminn?

Hægt er að merkja við já eða nei við hinum ýmsu spurningum svo sem „viljið þið þetta bæði?“ og „veistu hvernig má forðast kynsjúkdóma?“ Einnig er spurt: „Ertu í föstu sambandi?“ Tekið er fram að ef að merkt er nei við einni eða fleirum af spurningum er viðkomandi ekki tilbúin(n). Það vekur óneitanlega athygli að hér er fast samband gert skilyrði fyrir því að viðkomandi sé tilbúin(n) til að stunda kynlíf. Hér örlar á drusluskömmun og ýjað er að því að kynlíf geti ekki verið jákvæð upplifun nema inn hefðbundins lokaðs parasambands.

Í undirkaflanum *Sjálfsfróun* má finna eftirfarandi texta:

Það að örva sjálfan sig kynferðislega nefnist sjálfsfróun. Slíkt veldur vellíðan og jafnvel fullnægingu. Kynhvötin vaknar á kynþroskaaldri og sjálfsfróun er góð leið til að kynnast eigin líkama, finna hvað okkur þykir gott og fá útrás fyrir kynferðislega löngun. Það er jafneðlilegt að stunda sjálfsfróun og að stunda hana ekki. Í þessu sem öðru erum við misjöfn og þarfir okkar ólíkar.

Í þessum kafla er notast við opið orðalag og skapað er rými fyrir hinar ýmsu upplifanir. Hér er ekki að sjá tabúíð í kringum sjálfsfróun sem viðmælendur í rýnihóp minntust á heldur er sjálfsfróun sett fram sem eðlilegur en valkvæður hluti lífsins.

Einnig má finna hér undirkaflann *Kynhneigð*.

Kynhvötin veldur því m.a. að við verðum hrifin af öðrum eða skotin í einhverjum. Flestir verða

hrifnir af einstaklingi af gagnstæðu kyni og eru þá gagnkynhneigðir. Sumir eru samkynhneigðir og eru þá hrifnir af fólki af sama kyni. Samkynhneigðar stelpur eru kallaðar lesbíur og samkynhneigðir strákar hommar. Þeir sem laðast að báðum kynjum eru tvíkynhneigðir. Kynhneigð skýrist oft á kynþroskaaldri en einnig síðar á ævinni. Aðalatriðið er að hver og einn fái að vera hann sjálfur og njóti virðingar hvernig svo sem kynhneigð hans er. Samtökin 78 eru samtök homma og lesbía á Íslandi. Þau hafa unnið ötullega að réttindamálum samkynhneigðra og unnið gegn fordómum í garð þeirra.

Hér eru þrjár algengustu kynhneigðirnar nefndar og settar fram sem jafn rétt háar. Ekki er gert ráð fyrir kynhneigð lesandans, en ekki er minnst á kynvitund. Hér er því verið að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu með því að forðast að setja gagnkynhneigð fram sem normið og aðrar kynhneigðir sem annaðhvort fjarverandi eða frávik.

Varnir

Þegar stelpa og strákur byrja að stunda kynlíf og hafa samfarir vilja þau gæta þess að ekki verði til barn. Þá þarf að huga að getnaðarvörnum.

Þessi inngangstexti fyrir kaflann *Varnir* gefur tóninn, en þessi kafli virðist fyrst og fremst snúast að getnaðarvörnum frekar en kynsjúkdómavörnum.

Undirkaflinn *Smokkur* ber eftirfarandi texta:

Smokkurinn er þunnur gúmmípoki sem rúllað er upp á stinnt typpið. Hann er besta getnaðarvörnin fyrir ungt fólk sem er að byrja að stunda kynlíf. Ef hann er rétt notaður er hann mjög öruggur því hann kemur í veg fyrir að sáðfrumur komist inn í leggöng. Hann er auðveldur í notkun og fæst í næstu búð. Smokkurinn er eina getnaðarvörnin sem er einnig vörn gegn kynsjúkdómum.

Stutt myndband er á þessari síðu sem gefur leiðbeiningar um hvernig smokkurinn skal nota. Þær leiðbeiningar eiga einungis við samfarir milli manneskja með typpi og píku:

Því er mikilvægt að halda um hringinn á smokknum þegar typpið er tekið út úr pikunni við samfarir.

Hér eru gefin þau skýru skilaboð að smokkurinn er fyrst og fremst getnaðarvörn og að hann sé hugsaður fyrir gagnkynhneigðar og sískynjaðar samfarir, en ekki aðrar kynlífsathafnir.

Aðrir undirkaflar á síðunni *Varnir* eru *Pillan*, *Lykkjan*, *Hettan* og *Neyðarpillan*. Þetta er því kafli um getnaðarvarnir frekar en kynfærasmitsvarnir. Þær er hinsvegar fjallað um í kaflanum *Heilbrigði*. Þessi kafli, *Varnir*, snýr því einungis að einstaklingum sem hafa áhuga á að stunda hefðbundið gagnkynhneigt og sískynjað kynlíf. Það er þó ekki tekið fram, heldur er kynningartextinn „Þegar stelpa og strákur byrja að stunda kynlíf og hafa samfarir vilja þau gæta þess að ekki verði til barn. Þá þarf að huga að getnaðarvörnum.”

Heilbrigði

Að lifa kynlífi er manningum eðlislægt frá náttúrunnar hendi. Til að stuðla að ánægjulegu og heilbrigðu kynlífi er sjálfsagt að huga að getnaðarvörnum og forðast kynsjúkdóma.

Kynsjúkdómar eru sjúkdómar sem smitast við samfarir eða þegar kynfæri snertast. Besta leiðin til að forðast smit við samfarir er að nota smokkinn. Smokkurinn er í raun eina vörnin gegn kynsjúkdómum fyrir utan það að stunda ekki samlíf eða samfarir.

Hér er orðalagið *samlíf eða samfarir* notað. Samlíf hefur ekki verið skilgreint á síðunni svo mögulegt er að skilja það sem kynlíf í víðum skilningi. Svo eru ýmsir undirflokkar á síðunni, eða einn fyrir hvern algengan kynsjúkdóm, klamydíu, kynfæraáblástur, kynfæravörtur, flatlús, lekanda, sárasótt, lifrabólgu b og HIV-alnæmi. Þar má finna eftirfarandi texta:

Klamydía er bakteríusýking sem smitast venjulega við samfarir.

Herpes smitast venjulega við samfarir.

Kynfæravörtur eru veirusýking sem smitast við samfarir.

Flatlús getur smitast við samfarir en einnig með náinni snertingu, með nærfötum og í ljósabekkjum.

[Lekandi] orsakast af bakteríu og smitast við snertingu slímhúða, oftast við samfarir.

Smit [af sárasótt] verður oftast við samfarir en getur ennig orðið við snertingu annarra slímhúða líkamans.

Auk smits með samförum getur lifrabólga [b] smitast með blóðblöndun.

HIV smitast aðallega við samfarir og blóðblöndun.

Hér eru samfarir því settar fram sem aðalsmitleið þessara kynfærasýkinga. En hvað eru samfarir samkvæmt Kynfræðsluvefnum? Er það orð yfir allskonar kynlífsathafnir?

Fjölbreytileiki

Í kaflanum *Svör* má sjá svör við allskonar spurningum. Þar má til dæmis sjá eftirfarandi texta:

Spurning 12: Hvað eru samfarir?

Við samfarir setur strákurinn typpið inn í leggöng stelpunnar. Taktbundnar hreyfingar veita bæði stráknum og stelpunni unað. Stelpur fá fullnægingu vegna örvunar í leggöngum eða með því að snípurinn er örvaður og jafnvel hvort tveggja. Sæðið þrýstist fram í typpið og að lokum verður sádlát og strákurinn fær þar með fullnægingu. Ekki er víst að stelpa og strákurinn fái fullnægingu á sama tíma.

Hér eru samfarir settar kyrfilega sem eign gagnkynhneigðra og sískynjaðra einstaklinga og para. Kaflarnir *Varnir* og *Heilbrigði* sem tala nánast einungis um samfarir eru því skrifaðir fyrir gagnkynhneigða og sískynjaða einstaklinga með dæmigerð kyneinkenni. Ekki er tekið fram á

Þessum vef að kynsjúkdómar geta einnig smitast við endaþarmsmök, munnmök eða aðrar kynlífsathafnir en samfarir.

Einnig má sjá á þessari síðu eftirfarandi texta:

Spurning 25: Hvað er transfólk?

Til eru einstaklingar sem upplifa að þeir hafi fæðst af röngu kyni, og hefur það ekkert með kynhneigð, kynhegðun eða kynlíf að gera. Kallast það kynáttunarvandi. Sumir þeirra sem eiga í kynáttunarvanda fara í lækniáðgerð til að láta leiðrétta kyn sitt og kallast þá transfólk.

Þetta eru frekar úr sér gengnar upplýsingar. Hér er ýjað að því að trans fólk séu einstaklingar sem hafa látið leiðrétta kyn sitt. Þetta fellur ekki að þeirri sjálfskilgreiningu sem trans fólk á Íslandi notar í dag. Trans fólk er allt það fólk sem fellur ekki að samfélagslega viðteknum hugmyndum um kyn, eða það fólk sem samsamar sig ekki því kyni sem það fékk úthlutað við fæðingu, burtséð frá því hvort þau hafa sótt sér einhvers konar leiðréttingu eður ei, þ.e. þeirra kynvitund, kyntjáning eða upplifun er á skjön við það kyn sem þeim var úthlutað við fæðingu (Trans Ísland). Trans fólk er því ekki merkimiði sem fólk fær við kynleiðréttingu.

Þetta er eini hluti Kynfræðsluvefsins sem viðurkennir tilvist einstaklinga sem eru ekki sískynjaðir. Hér er orðalagið áhugavert, en skrifað er „Til eru einstaklingar” og „sumir þeirra sem eiga í kynáttunarvanda”. Hér er því ekki talað beint til trans fólks heldur er það einhversstaðar annarsstaðar. Þetta má bera saman við aðra hluta vefsins þar sem talað er beint til lesandans: „Ef þér finnst óþægilegt að fara í sund meðan á blæðingum stendur þá er engin ástæða til þess að gera það.“ Ef að trans einstaklingur les kynfræðsluvefinn þá er hann því ekki endilega neinu nær um hvert er hægt að snúa sér til að kynnast öðru trans fólki eða leita sér stuðnings, né upplifir hann að talað sé beint til hans og hann gerður sem eðlilegur hluti nemendahópsins sem skoðar Kynfræðsluvefinn.

Spurning 30. Hvað eru munnmök?

Það kallast munnmök þegar rekkjunautar gæla við eða örva kynfæri hvor annars með tungu eða vörum oft þannig að fullnæging verður. Munnmök eru eðlilegur þáttur í ábyrgu kynlífi en það er mjög misjafnt hvort fólk kýs að stunda þau eða ekki.

Í þessu svari er notast við opið orðalag án kynjaðra væntinga og bæði að stunda og ekki stunda munnmök gert jafn hátt undir höfði. Þetta vekur athygli þegar það er borið saman við svarið við spurningu 14:

Spurning 14: Fyrstu samfarirnar – eru þær eitthvað til að óttast?

... Þú hefur samfarir þegar þú ert tilbúin(n) og þegar þig langar, með þeim sem þig langar að

vera með. Það er nægur tími til stefnu. Það er líka svo margt hægt að gera sem veitir kynferðislega ánægju annað en samfarir. Það er hægt að kyssast og kela, strjúka og snerta.

Hér eru samfarir ekki settar fram sem val heldur skylda. Lesandinn *mun* hafa samfarir, það er einungis spurning um tíma, nokkurs konar gálgafrést ef að lesandinn er ekki tilbúinn. Óbeinu skilaboðin eru því að lesandinn skuli stunda gagnkynhneigt og sískynjað kynlíf, sama hvort honum líkar betur eða verr.

Samantekt

Kynfræðsluvefurinn skrifaður með gagnkynhneigða og sískynjaða nemendum í huga. Hvergi er minnst á intersex fólk eða aðra en þau sem hafa dæmigerð kyneinkenni. Minnst er á sam- og tvíkynhneigða í upptalningu á kynhneigðum en ekki er talað sérstaklega til þeirra annarsstaðar á vefnum. Það sama má segja um trans fólk, en ein spurning svarar því hvað trans fólk er, en hvergi er talað til þeirra í öðru efni vefsins. Hvergi er minnst á eikynhneigð eða fjölbreytta kynlanganir. Ýmsar kynjaðar væntingar eru settar fram, svo sem að samfarir og barneignir séu ekki einungis eðlilegur hluti lífsins heldur óvalkvæður. Það eru ýmis skref tekin á kynfræðsluvefnum til að skapa rými fyrir mismunandi langanir og upplifanir og þannig forðast að setja væntingar á lesendur en það er í ósamræmi við aðra hluta vefsins sem setja fram skilaboð um ákveðna hegðun og gera ráð fyrir kynhneigð og kynvitund lesandans.

Kynlíf: kynfræðsla fyrir unglunga (2006)

Þetta blað var gefið út 2006. Það eru til tvær mismunandi kápur, ein með mynd af stúlku og titlinum í bleikum stöfum, hin með mynd af strák og bláum titli. Innihaldið er hinsvegar það sama nema stundum þegar tungumálið kynjað. Dæmi: „Sjálfsmyndin þín er sú stelpa sem þér finnst þú vera” í stelpublaðinu og „Sjálfsmyndin þín er sá strákur sem þér finnst þú vera” í strákablaðinu (bls. 35). Þetta er þó ekki algilt og stundum er tungumálið kynhlutlaust þegar hægt væri að aðskilja það. Dæmi: „Hvenær ertu afslöppuð/afslappaður og í góðu formi til að spjalla og grínast?” (bls. 42) Hér er sami texti í báðum blöðunum.

Kynhneigð lesandans og hinsegin umburðarlyndi

Ekki er með beinum orðum gert ráð fyrir því að lesandinn sé gagnkynhneigður. Talað er sérstaklega um kynhneigð:

Kynhneigð snýst um það hvort þú laðast að einstaklingi af gagnstæðu kyni (gagnkynhneigð), sama kyni (samkynhneigð) eða af báðum kynjum (tvíkynhneigð). Stundum eru unglingar í vafa um kynhneigð sína. Flest ungt fólk á vini af sama kyni og það kemur fyrir að það beri kynferðislegar tilfinningar til þeirra. Þessi reynsla veldur stundum óöryggi og ótta. En það er engin ástæða til að

örvænta eða efast um sjálfa sig. Mikilvægt er að vera opin og fordómalaus gagnvart eigin tilfinningum og fagna því sem verða vill. Samkynhneigð hefur alltaf þekkt í mannlegu samfélagi en verið misvel sýnileg, allt eftir afstöðu umhverfisins hverju sinni. Samkynhneigðir hafa oft átt undir högg að sækja og þá haldið sig í felum. Fordómar gegn samkynhneigðum grassera helst þar sem menntunarskortur er almennur eða bókstafstrú er ráðandi. Í okkar heimshluta eru fordómar gegn samkynhneigðum á undanhaldi og má þakka það verulegri þekkingu okkar á eðli mannsins og almennt góðri menntun. Það er fagnaðarefni að samkynhneigðir þurfi ekki lengur að fela sig í skápum eða lifa með skömm yfir kynhneigð sinni. Það er allra hagur að fólk geti verið sáttt við kynhneigð sína og geti lifað kynlífi og fjölskyldulífi samkvæmt því (bls. 33).

Hér er ekki tekið fram með beinum orðum að gagnkynhneigð sé algengari eða eðlilegri en samkynhneigð og þetta er í eina skipti í blaðinu sem kynhneigð er rædd. Því mætti halda að það væri með vilja gert tala sérstaklega til þeirra sem gætu haft hinseginfælin viðhorf og þeim tjáð að samkynhneigð sé eðlileg.

Áse Røthing rannsakaði kynfræðslu í Noregi (2008). Ein af niðurstöðum hennar er það sem hún kallar hinsegin umburðarlyndi (e. *homotolerance*). Þá sé yfirlýst markmið kennarans að auka sýnileika hinsegin fólks fyrir nemendum og að vinna gegn hinseginfælnum hugmyndum og viðhorfum sem nemendurnir gætu haft. Það geti þó haft þær afleiðingar að samkynhneigð sé fest enn betur í sessi sem frávik. Með því að taka gagnkynhneigð sem gefinni og tala sérstaklega um samkynhneigð þá hafi gagnkynhneigða regluveldinu verið viðhaldið og það jafnvel styrkt með því að tala um samkynhneigð sem „hina“ sem þurfti að virða á meðan „við“ (nemendurnir og kennararnir) voru allir taldir vera gagnkynhneigðir þangað til annað kom í ljós. Þetta kallar hún hinsegin umburðarlyndi.

Í þessum kafla blaðsins *Kynlíf* má sjá merki um hinsegin umburðarlyndi. Ekki er minnst á að ungt fólk sem eigi vini af gagnstæðu kyni gæti efast um kynhneigð sína. Undirliggjandi skilaboð textans eru því að gagnkynhneigð sé eðlileg og venjuleg, en samkynhneigð sé frávik sem sé að verða æ samþykktara af samfélaginu.

Þó að með þessum texta sé væntanlegur tilgangur að setja fram þessar þrjár kynhneigðir sem jafngildar þá er ekki samræmi milli þess og restinni af blaðinu. Í nánast öllum tilvikum þar sem dæmi er gefið um hrifningu eða samband er það annaðhvort kynhlutlaust eða gagnkynhneigt. Til dæmis eru myndir af sex unglingum og þeirra svörum við spurningunni: „Hvernig læturður vita að þú sért hrifin(n) af einhverjum?“ (bls. 41) Spurningin er kynhlutlaus en öll svörin gagnkynhneigð. Hér hefði verið auðvelt að hafa eitt svaranna annaðhvort kynhlutlaust eða hinsegin.

Dýrsleg gagnkynhneigð

Í blaðinu er kafli um áhrif lyktar á hrifningu og kynferðislegar tilfinningar:

Hefur þú nef fyrir hinu kyninu? Fjölmargar dýrategundir treysta á lyktarskynið þegar einstaklingar velja sér maka. Kvendýrið gefur þá frá sér lykt á fengitíma sem vekur áhuga karldýrsins og síðan þarf kvendýrið að þefa vel og vandlega af karlinum áður en hún samþykkir hann sem tilvonandi föður afkvæma sinna. Lengi var haldið að mannkynið hefði glatað hæfileikanum til að eiga samskipti með þessum hætti en nýjustu rannsóknir benda til þess að svo sé alls ekki. Vísindamenn hafa komist að því að líkamslykt skipti miklu það hvaða konum þyki hvaða karlar sexý og öfugt (bls. 48).

Þessi kafli gerir einungis ráð fyrir gagnkynhneigð. Hægt er að hafa nef fyrir „hinu kyninu,” kvendýr gefa frá sér lykt sem vekur áhuga karldýrs, og líkamslykt skiptir mál um hvaða konum þyki hvaða karlar sexý. Með þessari skírskotun til náttúrunnar og líffræði er gagnkynhneigð fest í sessi sem náttúruleg og eðlileg. Hér er alger þögn um samkynhneigð. Hægt væri að draga þá ályktun að hinsegin einstaklingar notuðu ekki lyktarskyn þegar þeir laðast að tilvonandi bólfélaga eða maka. Samkynhneigð er hér gerð öðruvísi með þögninni. Sama má sjá í sögu um bavíana:

Þegar bavíana af gagnstæðu kyni laðast hver að öðrum gerist það á mjög svipaðan hátt og þegar strákur og stelpa byrja að draga sig saman á skólaballi. Alveg eins og stelpa og strákur byrja bavíana á að ná augnsambandi, líta undan, líta aftur hvort á annað til að athuga hvort hitt sé ekki örugglega að horfa, lyfta augabránum, líta niður, líta aftur upp og eru þá loks orðin nógu örugg til að nálgast hvort annað. Og hvað gerist svo? Jú, strákurinn og stelpa fara að dansa saman, er það ekki? (bls. 43)

Aftur eru það einungis gagnkynhneigð pör sem hafa skírskotun til náttúrunnar. Þetta dæmi hefði verið hægt að gera kynhlutlaust (tala t.d. um tvo einstaklinga heldur en bara strák og stelpu), eða jafnvel setja inn dæmi um samkynhneigð úr dýraríkinu. Hér er aftur þögn um samkynhneigð en sett fram einhverskonar handrit um hvernig gagnkynhneigð pör draga sig saman. Hér er alhæft („þegar strákur og stelpa byrja að draga sig saman” en ekki „stundum þegar strákur...” eða „þegar sumir strákar og stelpur...”). Hægt er að lesa út úr þessu að þetta handrit eigi einungis við um gagnkynhneigða. Hér er gagnkynhneigð aftur fest í sessi sem náttúruleg og eðlileg en þögn ríkir um samkynhneigð.

Hinsegin kennsluefni

Aftur á móti er dæmi um samkynhneigð tekið sérstaklega fyrir. Á einni síðunni eru reynslusögur og þar er ein saga Arnars sem er kynntur til sögunnar sem hommi.

Arnar naut sín fyrst með karlmanni ...

Arnar er hommi og gerði sér grein fyrir því fyrir löngu en kom ekki út úr skápnum fyrr en í fyrra,

Þegar hann var 19 ára. Arnar varð snemma kynþroska og var farinn að fróa sér til nokkurrar ánægju um 13 ára aldur. Hann segist þó ekki hafa upplifað alvöru sælu fyrr en hann var með karlmanni í fyrsta skiptið. Gefum Arnari orðið.

Ég var búinn að reyna að vera með stelpum nokkrum sinnum. Mér líkaði það ekkert illa en ekkert vel heldur. Eitt kvöldið sat ég heima hjá Villa vini mínum og allt í einu sagði hann mér að hann væri hommi og að hann væri skotinn í mér. Mér brá rosalega og mér datt í hug að rjúka út og tala ekki við hann aftur. En ég sat áfram og við töluðum saman. Þegar Villi fór að lýsa tilfinningum sínum fattaði ég allt í einu að það var eins og hann væri að tala um mínar tilfinningar. Og það var ég sem allt í einu beygði mig yfir hann og kyssti hann. Það gerðist ekkert fleira þetta kvöld, en stuttu seinna fórum við að kela og allt í einu fann ég eitthvað sem ég hafði aldrei fundið með stelpu. Villi snerti mig þannig að heimurinn varð eins og stór blaðra full af tilfinningum sem bara þandist út endalaust og sveif með mig eitthvað út í geim. Það var loksins þá sem ég fann sjálfan mig (bls. 55).

Hér er mjög jákvæð saga af samkynhneigðri upplifun og gerir hún mikið til að minna lesandann á að til eru fleiri kynhneigðir en gagnkynhneigð. Athuga verður þó að það er sérstaklega tekið fram að Arnar sé hommi og að hann hafi komið út úr skápnum. Það er ekki tekið fram í hinum reynslusögunum að einstaklingarnir séu gagnkynhneigðir, hvenær þeir gerðu sér grein fyrir því eða hvenær þeir tjáðu sínum nánustu um það. Þannig er samkynhneigð styrkt sem vænlegur kostur fyrir lesandann með þessari jákvæðu sögu en samt sem áður er hún orðuð á þann hátt að hún er frávik frá norminu.

Önnur dæmi um samkynhneigð í blaðinu *Kynlíf* er mynd af tveimur stelpum að kyssast. Einnig er talað um ástarsorg og eftirfarandi dæmi gefið: „Hvað ertu að æsa þig yfir Siggú ... það eru margar flottari en hún” (bls. 45). Þessi setning er eins í báðum blöðunum. Henni er þó ekki beint til lesandans, eins og er gert í eftirfarandi dæmi, þegar lesandanum er kennt um kossa: „Þreifðu fyrir þér með vörum og tungu eftir tönnum hans eða hennar svo þið rekið ekki tennurnar saman” (bls. 48). Hér er því gefinn möguleiki fyrir því að lesendur stelpublaðsins gætu kysst bæði stelpur og stráka, og það sama er í strákablaðinu.

Samfarir í fyrsta sæti

Þetta er þó ekki algilt. Í blaðinu er gátlisti til að leyfa lesandanum að spyrja sjálfan sig hvort hann er tilbúinn til að stunda samfarir í fyrsta skipti. Í stelpublaðinu er spurt: „Ertu að gera þetta fyrir hann?” á meðan í strákablaðinu er spurt „Ertu að gera þetta fyrir hana?” (bls. 57). Hér er því ekki gefinn möguleiki á því að lesendur blaðsins væru að íhuga að stunda kynlíf með einstaklingi af sama kyni. Það er reyndar skiljanlegt þegar skilgreining á samförum er sett fram: „Samfarir eru þegar typpi er stungið inn í leggöng” (bls. 57). Eftir þessu eru samfarir einungis mögulegar milli sískynjaðra einstaklinga af sitthvoru kyninu. Tekið er fram að „Samfarir fela í

sér mestu líkamlegu nálægð við aðra persónu sem hugsast getur” (bls. 57). Þar sem samfarir eru skilgreindar sem typpi í leggöng þá er ekki hægt að lesa annað út úr þessu en að samkynhneigðir geti ekki fundið sömu nálægð við aðrar manneskjur og gagnkynhneigðir þar sem flest hinsegin fólk (nema þau séu trans) stundar ekki samfarir eftir þessari skilgreiningu. Gagnkynhneigð er því eðlileg en samkynhneigð léleg eftirlíking sem býður ekki upp á sömu möguleikana. Hér sést líka hvernig gagnkynhneigða regluveldið birtist gagnkynhneigðum. Kannski finnst ekki öllum mesta mögulega nándin koma fram í samförum, kannski eru munnmök eða endaparmsmök nánari fyrir þeim, eða einhver allt önnur snerting. En samfarir eru settar fram sem mikilvægasta kynlífsathöfnin innan gagnkynhneigða regluveldisins og kemur það fram hér.

Samantekt

Í heildina er því fjallað þónokkuð um sam- og tvíkynhneigð í þessu blaði. Á mörgum stöðum er ekki gert ráð fyrir kynhneigð lesandans en það kemur þó fyrir. Stigveldi kynlífsathafna er sett fram þar sem samfarir eru efst á listanum. Hvergi er minnst á trans eða intersex einstaklinga. Hér má því bæði sjá birtingarmyndir gagnkynhneigða regluveldisins og skref til að vinna á móti því og skapa rými fyrir allskonar upplifanir og langanir lesandans.

Um stelpur og stráka: kynfræðsla (2006)

Þessi kennslubók er bara til í einu eintaki ætlað öllum kynjum, ólíkt blaðinu *Kynlíf*. Væntanlega vegna þess er kynhlutlaust tungumál mjög algengt. Að því leiti er ekki tekin afstaða með kynhneigð eða kynvitund á augljósan hátt á mörgum stöðum í bókinni. Til dæmis er talað um hvernig fjarlægja skal andlitsfarða á kynhlutlausan hátt. Í einu tilviki þar sem kynhneigð skiptir augljóslega máli er það tekið fram: „Flest gagnkynhneigð pör geta auðveldlega eignast barn með því að taka þá einföldu ákvörðun að hætta að nota getnaðarvarnir” (bls. 45). Þar á eftir er talað um möguleika hinsegin para til að eignast börn. Hér er því minnst sérstaklega á gagnkynhneigð og hún gerð að einhverju sem þarf að ræða og tilgreina, rétt eins og samkynhneigð. Hún er því orðuð en ekki gerð ósýnileg eins og oft innan hins gagnkynhneigða regluveldis.

Stigveldi kynlífs

Hinsvegar er möguleikanum fyrir aðrar kynhneigðir en gagnkynhneigð ekki alltaf haldið opnum. Það sést fyrst og fremst þegar rætt er um kynlíf. Þar finnst misræmi. Kynlíf er sett fram sem mismunandi og án stigveldis en samfarir eru samt settar skör ofar en aðrar kynlífsathafnir: *Kynlíf er eins fjölbreytilegt og manneskjurnar eru margar. Engin ein aðferð til að stunda kynlíf*

er réttari eða betri en önnur (bls. 26).

Hér er kynlíf sett fram sem fjölbreytt.

Hægt er að stunda kynlíf án samfara þegar einstaklingarnir eru ekki tilbúnir til að stunda kynmök. Það er alveg jafn ánægjulegt og gefandi og svo er líka skynsamlegt að bíða með samfarir þar til maður hefur öðlast meiri þroska (bls. 28).

Í þessum texta er hinsvegar sett fram skýrt stigveldi. Samfarir eru skilgreindar sem typpi í leggöngum (bls. 30) og eru settar fram sem *alvöru* og *fullorðins*, eitthvað sem krefst þroska og þess að vera tilbúin(n). Aðrar kynlífsathafnir eru eitthvað sem hægt er að stunda áður en að þessum þroska er náð. Hér er heldur ekki gefinn möguleiki á því að hafa ekki áhuga á að stunda samfarir yfirhöfuð. Hefðbundið gagnkynhneigt sísýkynja kynlíf (samfarir) eru því eina alvöru kynlífið sem allir eiga að vilja stunda en þó verða þau að vera tilbúin til þess. Hérna er ósamræmi milli skilaboðanna sem sett eru fram í þessari bók.

Samfarir eru settar fram sem eina alvöru kynlífsathöfnin á fleiri stöðum, til dæmis þegar rætt er um sáðlát: „Sáðlát getur gerst í svefni, við sjálfsfróun og við samfarir” (bls. 15). Strákar sem stunda kynlíf með öðrum strákum, eða strákar sem stunda kynlíf með stelpum án þess að samfarir eigi sér stað, til dæmis með munnmökum, geta ekki haft sáðlát samkvæmt þessari setningu. Svona útilokandi orðræðu er auðveldlega hægt að forðast með að setja „til dæmis” inn í setninguna. Hún yrði þá: „Sáðlát getur *til dæmis* gerst í svefni, við sjálfsfróun og við samfarir.” Sú setning er þó enn föst í viðjum gagnkynhneigða regluverksins sem telur samfarir vera einu tegundina af kynlífi sem máli skiptir. Hægt er að komast lengra frá því með að skrifa „kynlíf” í staðinn fyrir „samfarir.”

Í bókinni er rætt er um mikilvægi smokkanotkunar en mesta áherslan er á að smokkurinn verndi gegn getnaði, ekki að hann verndi gegn kynsjúkdómum. Úr því má lesa að ekki sé nauðsynlegt að nota smokkinn við annars konar kynlíf, svo sem við endaparmsmök, þar sem ekki er hætt á getnaði. Í fleiri dæmum er ekki ert gert ráð fyrir kynlífi hinsegin fólks:

Þegar tveir einstaklingar örva hvor annan kynferðislega er talað um forleik. ... Forleikur getur endað með því að einstaklingarnir hafi kynmök eða samfarir (bls. 27).

Hér eru samfarir settar sem „alvöru” kynlíf á meðan aðrar athafnir eru skilgreindar sem „forleikur.” Aftur er hér sett inn stigveldi kynlífsathafna, gagnkynhneigðum í hag. Þetta er í ósamræmi við það sem kom fram á bls. 26, þar sem kynlíf er sett fram sem fjölbreytt og án stigveldis.

Samantekt

Þessi kennslubók fjallar aðallega um kynlíf almenns eðlis og lítið er um kynjað tungumál. Því er ekki oft gert ráð fyrir kynhneigð lesandans. Ekki eru nein dæmi um eða myndir af samkynhneigðum pörum, en ekki er mikið um reynslusögur og myndir af pörum yfirhöfuð. Skref eru tekin til að gera gagnkynhneigð sýnilega. Þegar rætt er um eiginlegt kynlíf er það þó nánast einungis gert með gagnkynhneigðum og sískynjuðum formerkjum. Innan þess kynlífs sem gagnkynhneigðir einstaklingar geta stundað eru samfarir svo settar efst á listann á meðan aðrar kynlífsathafnir eru undirbúningur, forleikur eða eitthvað sem hægt er að stunda þegar einstaklingarnir eru ekki tilbúnir fyrir „alvöru“ kynlíf. Hvergi er minnst á trans fólk eða fólk með ódæmigerð kyneinkenni.

Niðurstöður námsgagnagreiningar

Í þessu kennsluefni sem skoðað hefur verið kemur ýmislegt í ljós og margt er þar sameiginlegt. Báðar bækurnar og vefurinn taka sérstaklega fram að mismunandi kynhneigðir eru til og setja þær fram án stigveldis. Blaðið *Kynlíf* gengur lengst í því að fjalla um hinsegin veruleika með því að hafa reynslusögur samkynhneigðra einstaklinga, myndir af samkynja pörum og kynhlutlaust tungumál sem gerir ráð fyrir ýmsum kynjum bólfélaga eða maka. Hinsvegar fyrirfinnst ósamræmi í gögnunum þar sem kynlíf er sett fram með beinum orðum sem fjölbreytt en svo fjallar nánast öll bein umfjöllun um kynlíf um samfarir. Þær eru því settar efst á listann sem æskileg hegðun og það sem kynlíf *er*. Algjör þögn fyrir utan eitt svar á Kynfræðsluvefnum er um aðrar kynvitundir en sískynja og hvergi er minnst á ódæmigerð kyneinkenni. Hér eru því tekin skref til að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu en stór hluti textans er þó kyrfilega inn þess.

Umræða

Hér verða niðurstöður gagnagreiningarinnar ræddar og settar í samhengi við fræðilega umfjöllun.

Spurt var í byrjun hvort að kynfræðsla í grunnskólum Reykjavíkur endurskapi hið gagnkynhneigða regluveldi. Svarið við því hlýtur að vera *já, en*. Rannsókn sem þessi er ávallt takmörkuð að því leyti að leitast var við að skilja hugarheim þeirra sem þátt í henni tóku. Ekki er því hægt að alhæfa um alla kynfræðslu í Reykjavík. Ef mið er tekið af upplifun þeirra hinsegin ungmenna sem tóku þátt í rannsókninni, hinsvegar, þá kemur í ljós að þau hafa upplifað jaðarsetningu og ósýnileika í kynfræðslunni. Gagnkynhneigða regluveldið fyrirfinnst einnig í þeim kennslugögnum sem skoðuð voru hér. Hinsvegar taka þeir kennarar sem tóku þátt í rannsókninni markviss skref til að vinna á móti gagnkynhneigða regluveldinu en í staðinn skapa rými fyrir nemendur sína til að upplifa kynverund sína á fjölbreyttan hátt. Þau skref eru þó takmörkuð.

Ósamræmi

Það vekur óneitanlega athygli að margt af því sem ungmennin í rýnihópnum gagnrýndu og kalla eftir er það sama og kennaraviðmælendur tala um að þau leitist eftir að hafa í sinni kynfræðslu. Ungmennin kölluðu eftir umræðum og fræðslu um fleiri þætti kynlífs en tæknilegar grunnupplýsingar, kennararnir töluðu um að fyrir þeim var hin eiginlega kynfræðsla bara brot af þeirri fræðslu sem þau bjóða upp á, meiri áhersla fari á umræður um samskipti, sjálfsmynd, tilfinningar og kynjafræði. Ungmennin báðust undan hræðsluáróðri, kennarar sögðust reyna að forðast hann eins og þau gætu. Ungmennin vildu að kynfræðslukennarar væru ekki feimnir og töluðu um kynlíf eins og eðlilegan hlut, kennararnir sögðu að það þyrfti ekki að setja sig í neinar sérstakar stellingar þegar kæmi að kynfræðslu. Ungmennin kölluðu eftir opnu orðalagi þar sem upplýsingar væru settar fram án þess að væntingar yrðu settar beint á þau, kennarar töluðu um að passa orðalag svo að rými væri fyrir alla.

Margar ástæður geta verið fyrir því að þetta ósamrými fyrirfinnist. Í fyrsta lagi eru margir skólar í Reykjavík og þó það sé mögulegt þá er ólíklegt að rýnihópaviðmælendur hafi haft einhvern af kennaraviðmælendum sem kennara. Það getur því verið að einhver þessara ungmenna hefðu haft aðra sögu að segja hefðu þau verið í öðrum skóla. Í öðru lagi nefndu ungmennin hjúkrunarfræðinga reglulega en þeir og þeirra kennsluaðferðir og –gögn hafa ekki verið til skoðunar í þessari rannsókn. Í þriðja lagi getur verið að þó að ungmenni hefði haft

kynfræðslukennara með mjög opinn hug þá væri það ekki nóg til að vega á móti þeim skilaboðum sem ungmennið fengi úr samfélaginu í heildina um að hinsegin kynverundir séu ekki hluti af norminu. Í fjórða lagi getur verið að þó að kynfræðslukennararnir telji sig vera að koma til móts við jaðarsettar kynverundir í sinni kynfræðslu þá takist þeim það einungis upp að vissu marki og hinsegin nemendur í þeirra bekkjum upplifi jaðarsetningu engu að síður.

Að hræða til hlýðni

Kynfræðsla í Bandaríkjunum hefur fyrst og fremst verið gagnrýnd fyrir þrennt: Hún sé of vandamálamíðuð (t.d. noti hræðsluáróður), hún komi á framfæri mjög kynjuðum normum og gildum og hún taki einungis til mjög lítils hluta kynverundar ungmenna, s.s. einungis það kynlíf sem fyrirfinnst innan gagnkynhneigðra norma í formi samfara (Bay-Cheng, 2001). Það er áhugavert að 14 árum eftir að þessi grein var birt þá gagnrýna ungmennin sem tóku þátt í þessari rannsókn kynfræðsluna sem þau fengu í Reykvískum grunnskólum fyrir sömu hlutina. Sérstaklega eru þau gagnrýnin á kennsluáferðir sem einkennast af hræðsluáróðri en þær aðferðir gerðu ungmennin óörugg og hrædd en juku ekki endilega þeirra kynheilbrigði. Þetta er áhugavert í ljósi þess að stigma þegar það kemur að kynsjúkdómum (eða kynfærasýkingum, e. *sexually transmitted infection*, sem gæti verið réttara orðalag þar sem margir kynsjúkdómar eru sýkingar sem hægt er að losna við með viðeigandi meðferð) eykur ekki kynheilbrigði fólks með því að hræða það frá því að stunda kynlíf heldur hræðir það frekar frá því að kynna sér öruggari aðferðir við að stunda kynlíf og frá því að leita sér heilbrigðisþjónustu. Hræðsluáróður eykur þannig stigma sem viðheldur og eykur neikvæðar afleiðingar kynfærasýkinga (Lichtenstein et al, 2008). Í stað þess að nota hræðsluáróður er hægt að nota til dæmis skaðaminnkandi aðferðir, en þær snúa að því að koma upplýsingum á framfæri án þess að dæma hegðanir sem gætu leitt til óheilbrigðis. Með því að minnka stigma og tabú er auðveldara að stuðla að kynheilbrigði þar sem einstaklingar eiga auðveldara með að taka upplýstar ákvarðanir meðvituð um þá áhættu sem fylgir og eiga einnig auðveldara með að sækja sér upplýsingar, heilbrigðisaðstoð og stuðning.

Samfarablæti

Þema sem kom skýrt í ljós bæði hjá rýnihóp og í kennslugögnum er stigveldi kynlífsathafna og skyldubundin þátttaka í því sem hefur verið skilgreint sem toppurinn í kynlífi (gagnkynhneigðra og sískynjaðra): samförum. Mikið af kennsluefninu einblínir á samfarir sem eru ítrekað skilgreindar sem þegar typpi er stungið inn í píku. Hér er ekki einungis um skyldubundna gagnkynhneigð að ræða heldur er kynlífshegðun gagnkynhneigðra settar mjög

fastar skorður með kláru stigveldi. Vissulega eru samfarir mikilvægt umræðuefni, sérstaklega þegar kemur að fræðslu um frjóvgun og getnaðarvarnir, en að leggja kynlíf að jöfnu við samfarir er merki hins gagnkynhneigða regluveldis.

Fyrir utan að setja samfarir sem merkilegustu kynlífsathöfnina var hún sett fram sem skyldubundin. Ungmennin í rýnihóp upplifðu að samfarir væru eitthvað sem þau þyrftu að taka þátt í, sama hvort þau hefðu áhuga á eða ekki og olli það þeim þónokkrum kvíða. Svona orðalag gerir kynlíf að athöfn sem þarf að framkvæma eftir ákveðinni forskrift frekar en tjáningarmáta ástar, nándar og ánægju sem hefur ýmsar birtingarmyndir.

Ósýnileg eikynhneigð

Eikynhneigð, eða fjarvera kynlöngunar, var reglulega nefnd meðal ungmennanna. En hvað er eikynhneigð? Það er regnhlífarhugtak yfir margar mismunandi samsetningar á kynlífs- og sambandslöngunum einstaklinga. Hægt að skilgreina einstakling sem eikynhneigðan þegar hann laðast (e. *attracted*) hvorki að körlum né konum, þ.e. laðast ekki að neinum (DeLuzio Chasin, 2011). Einnig er hægt að skilgreina eikynhneigð sem skort á kynlöngun (e. *desire*) yfirhöfuð. Það er mismunandi hvort eikynhneigðir telji sig sem að hafa einhverja kynlöngun eða kynferðislegar tilfinningar, og hafa þá mögulega áhuga á að stunda sjálfsfróun, eða hafi alls enga kynlöngun eða kynferðislegar tilfinningar (Bogaert, 2004). Flókið getur verið að ræða eikynhneigð þar sem hún á margt sameiginlegt með mörgum öðrum hugtökum, svo sem skírlífi, skertri kynlöngun og kynlífsvandamálum hvers konar svo sem vegna veikinda.

Sumir hallast að því að skilgreina eikynhneigð sem sér kynhneigð á svipaðan hátt og gagnkynhneigð eða samkynhneigð (Bogaert 2004). Að hafa stimpil sem þennan til að skilgreina sig getur gefið eikynhneigðum einstaklingum rými í samfélaginu sem hentar þeim vel og auðveldað skilning annarra á eikynhneigð. Að sama skapi getur það valdið vandamálum hjá þeim eikynhneigðu einstaklingum sem hrífast engu að síður að öðru fólki og hafa jafnvel áhuga á að stofna með því sambönd en laðast ekki að því kynferðislegra, því sumir einstaklingar sem skilgreina sig sem eikynhneigða hafa áhuga á og þörf fyrir tilfinningalega nánd, snertingu, sambönd og/eða fjölskyldulíf. Þau getur þá laðast að sama kyni, öðru kyni eða fleiri en einu, rétt eins og kynhneigðir einstaklingar. Af þessum ástæðum skilja margir í stundur kynferðislega og rómantíska hrifningu. Einstaklingur getur þá verið t.d. bæði eikynhneigður og samkynhneigður (e. *asexual homoromantic*), ef hann laðast tilfinningalega og rómantískt að manneskjum af sama kyni en ekki kynferðislega (DeLuzio Chasin, 2011). Að skilgreina sig sem eikynhneigða(n/t)

þýðir ekki að viðkomandi hafi aldrei eða muni aldrei stunda kynlíf. Sumir stunda sjálfsfróun og sumir stunda kynlíf með maka sem hefur löngun til þess.

Samkynhneigð og aðrar kynhneigðir, svosem tvíkynhneigð, hafa náð fótfestu í samfélaginu. Það er hægt að líta svo á að skapa rými í orðræðu fyrir fleiri kynhneigðir en gagnkynhneigð þarfnist strangt til tekið ekki fleira en að tilgreina ekki kyn mögulegra maka eða bólfélaga. Það er þó ekki nóg til að skapa rými fyrir allar kynverundir, að mati ungmennanna í rýnihópnum. Ef enn er gert ráð fyrir ákveðinni kynlöngun, sambandshegðun og öðrum normum þegar kemur að samlífi einstaklinga þá er verið að setja fram kynjaðar væntingar. Ef að ætlunin er að gera ekki ráð fyrir kynverund einstaklinga þarf líka að tala á þann hátt að einstaklingar sem stunda ekki kynlíf, ekki bara vegna þess að þeir eru ekki tilbúnir til þess, séu gildir hlutar af samfélaginu.

Fjarvera trans og intersex einstaklinga

Kennaraviðmælendur tóku fram að þau fjalli um trans og intersex í sinni kynfræðslu en ungmennin könnuðust ekki við það. Ekki er heldur að finna umfjöllun um kynvitund og kyneinkenni í kennslugögnunum sem skoðuð voru. Það er að vissu leyti skiljanlegt þar sem kynvitundarfjölbreytni hefur einungis orðið almennari í umræðunni á síðustu árum. Til dæmis var félagið Trans Ísland stofnað árið 2007 og Intersex Ísland árið 2014, en kennslugögnin voru samin fyrir þann tíma. Þau eru þó enn í notkun og því skiptir það máli. Þetta verður að teljast alvarlegt þar sem bæði þýðir þetta að nemendur fái ekki upplýsingar um fjölbreytileika mannkyns en einnig því að trans og intersex nemendur fái ekki kynfræðslu við sitt hæfi.

Normið og jaðarinn

Áse Røthing bendir á að tala sérstaklega um samkynhneigð getur styrkt gagnkynhneigð í sessi sem hið eðlilega og venjulega, hið ósagða (2008). Í rannsókn hennar á kynfræðslu í norskum skólum þá kom fram að samkynhneigð var eitt af mörgum verkefnum sem hægt var að leggja sérstaka áherslu á. Gagnkynhneigð var það hinsvegar ekki, þó bæði samkynhneigð og gagnkynhneigð hafi verið nefnd sem hugtök sem skuli kennd í aðalnámskrá (Røthing, 2008). Á þennan hátt, þó jákvætt verði að teljast að samkynhneigð sé kennd, er hún fest í sessi sem frávik, eitthvað sem þarf að nefna sérstaklega. Tekið var sérstaklega fram í kynfræðslunni að það væri allt í lagi að vera samkynhneigð(ur) í Noregi í dag. Engu að síður innihélt kennsluefnið reynslusögur hinsegin einstaklinga af hinseginfælmi og gagnkynhneigðu regluveldi. Skilaboð kennslunnar voru því misvísandi (það er allt í lagi að vera hinsegin en það er samt öðruvísi og

erfitt) og óvíst hvað skilar sér til nemendanna.

Ýmis merki þessa má greina í ummælum viðmælenda og kennslugögnum sem skoðuð voru. Ýmsar kynhneigðir voru reglulega nefndar en oftast voru það jaðarsettu kynhneigðirnar: samkynhneigð og svo einnig tvíkynhneigð. Gagnkynhneigð er sjaldan nefnd og ef hún er, þá sem viðmiðun til að útskýra hvað samkynhneigð er. Á öðrum stöðum er hún óorðuð og er því ósýnilega normið. Einnig mátti greina að hinar ýmsu kynhneigðir voru nefndar þegar var verið að telja upp mismunandi kynhneigðir en voru fjarverandi í öðrum hlutum kynfræðslunnar. Hin almenna kynfræðsla var því fyrir gagnkynhneigða og sískynjaða. Með þessari upptalningaaðferð er gefið til kynna að hinsegin fólk sé til en ekki er farið lengra með því að flétta hinsegin fólk og veruleika inn í kynfræðsluna sjálfa. Þetta er því „að tikka í box” nálgun. Hægt er að segja að það sé minnst á hinsegin fólk og ýmsum kynhneigðum eru gerð skil en þar er látið staðar numið. Þessi nálgun hristir ekki upp í gagnkynhneigða regluveldinu. Markviss skref þarf að taka til að færa gagnkynhneigð og sískynjun úr ósýnilega norminu og til að færa hinsegin kynverundir frá jaðri og nær miðju.

Hvernig er hægt að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu?

Viðmælendur í þessari rannsókn eru með ýmsar ráðleggingar um hvernig er hægt að vinna gegn gagnkynhneigða regluveldinu í kynfræðslu. Þær innihalda til dæmis að hafa opið orðalag. Með því að forðast að útiloka upplifanir er hægt að skapa rými fyrir jaðarsettar kynverundir. Þetta þarf ekki að vera flókið: orðin „til dæmis,” „sum,” „flest” og „stundum” geta breytt inntaki setninga heilmikið. Enn fremur er hægt að fjalla um hinsegin málefni, bæði sérstaklega og með því að flétta það inn í allt efnið, án þess að bíða eftir frumkvæði nemenda.

Að fjalla um mismunandi kynhneigðir virðist vera orðið venjubundið. Mun meiri þögn ríkir um hinsegin kynvitundir og ódæmigerð kyneinkenni. Mismunandi birtingarmyndir bæði kyns og kynvitundar er hinsvegar staðreynd. Bæði þurfa sískynja ungmenni að vita að ekki hafa allir eins kynfæri og líkamsstarfsemi, þar sem þau munu örugglega síðar á ævinni eiga trans, kynsegin eða intersex fjölskyldumeðlimi, vini eða vinnufélaga, en einnig þurfa trans, kynsegin og intersex unglingar að fá fræðslu um sína líkama og sitt kynlíf. Fyrst og fremst þurfa þau þó að fá að vita að þeirra líkamar og kynvitund séu ekki frávik heldur eðlilegir hlutar fjölbreytileika mannkyns. Það þarf að uppfæra kennslufni til að gera þessum veruleika skil. Í millitíðinni er hægt að taka mörg skref, til dæmis með því að fjalla sérstaklega um trans og intersex málefni, að grafa undan tvíhyggju kyns og minnka beinu hugrenningatengslin milli karlkyns og typpa, og

kvenkyns og þíka. Frekar, ef markmiðið er að tala um typpi og eistu að tala þá um typpi og eistu án þess að endilega tala um stráka á sama tíma. Að sama skapi hafa ekki allar stúlkur þíkur.

Því er ekki hægt að neita að þöggun og tabú ríkja í kringum bæði kynlíf yfirhöfuð og hinsegin kynlíf sérstaklega, þegar kemur að unglíngum. Mörgum finnst óþægilegt að ræða það opinberlega og það getur verið erfitt ferli fyrir hinsegin ungmenni að „koma út úr skápnunum“ eða á annan hátt deila með umhverfi sínu hver þeirra kynhneigð og kynvitund er. Mikilvægt er að skapa þeim rými til að sækja sér þekkingu og stuðning án þess að setja pressu á þau til að tilkynna sig. Það er hægt til dæmis með því að gera ekki ráð fyrir því að nemendur séu gagnkynhneigðir og sískynja heldur ávallt halda opnum hug gagnvart nemendum. Með öðrum orðum að tala um hinsegin kynvitundir sem eitthvað *hérna* en ekki einhversstaðar *þarna*.

Ráðleggingar um frekari rannsóknir

Margt er hægt og þarft að rannsaka frekar á þessu sviði. Til að skoða betur birtingarmyndir gagnkynhneigða regluveldisins í grunnskólum í Reykjavík liggur beinast við að gera þátttökurannsóknir, eða að fá að fylgjast með kennslu. Þær upplýsingar sem hægt er að fá með því að ræða við kennara um þeirra upplifun af kennslunni verður ávallt takmörkuð en hægt væri að auka við skilninginn með því að fá að sjá hvernig kennslan fer fram. Einnig er þarft að skoða þá fræðslu sem er veitt af hjúkrunarfræðingum, en það er stór hluti af þeirri kynfræðslu sem ungmenni í Reykjavík, og um allt land, fá.

Lokaorð

Typpið mun finna þig

Góð kynfræðsla skiptir miklu máli. Bæði vegna þess að kynheilbrigði íslenskra unglinga skiptir máli en einnig vegna þess að í kynfræðslu er ýmsum gildum komið áleiðis. Þau skilaboð sem ungmennin sem tóku þátt í þessari rannsókn hafa fengið er að þau munu stunda hefðbundið gagnkynhneig kynlíf sama hvort þeim líkar betur eða verr því þannig gera allir. Þetta geta ekki verið skilaboð sem samfélagið vill senda unglingum, sama hvort þau eru gagnkynhneigð eða hinsegin. Því þarf að vanda til verka, opna hugann fyrir fjölbreytileikanum og hleypa honum inn í skólastofurnar. Hér eru kynfræðslukennarar í lykilhlutverki, sem og höfundar kennsluefnis. Með aukinni fræðslu og meðvitund má minnka tók gagnkynhneigða regluveldisins á skólakerfinu og þannig stuðla að betra kynheilbrigði og réttlátara samfélagi fyrir alla.

Heimildaskrá

- Atkinson, E. og DePalma, R. (2009). Un-Believing the matrix: queering consensual heteronormativity. *Gender & Education* 21(1), 17–29.
- Ásdís Olsen. (2006). *Kynlíf: kynfræðsla fyrir unglinga*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.
- Bay-Cheng, Laina Y. (2001). SexEd.com: Values and norms in web-based sexuality education. *The Journal of sex research*. 38(3), 241-251.
- Bender, Sóley S. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók um aðferðafræði rannsókna* (bls. 299-312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Bender, S.S. E. Kosunen. (2005). Teenage Contraceptive Use in Iceland: A Gender Perspective. *Public Health Nursing* 22(1), 17-26.
- Bender, S. S., Geirsson R.T. og Elise Kosunen. (2003). Trends in teenage fertility, pregnancy and abortion rates in Iceland Compared with other Nordic Countries, 1976-99. *Acta Obstetricia et Gynecologica Scandinavia*, 82, 38-47.
- Bogaert, A. (2004). Asexuality: Prevalence and Associated Factors in a National Probability Sample. *Journal of Sex Research* 41(3), 279–87.
- DeLuzio Chasin, C J. (2011). Theoretical Issues in the Study of Asexuality. *Archives of Sexual Behavior* 40(4), 713–23.
- Erla Ragnarsdóttir og Þórhalla Arnardóttir. (2006). *Um stelpur og stráka: kynfræðsla*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Freyr Gígja Gunnarsson. (2015, 11 nóvember). Horfði á danskt barnaefni í 14 daga. *Fréttastofa RÚV*. <http://www.ruv.is/frett/horfdi-a-danskt-barnaefni-i-fjortan-daga>
- García, L. (2009). ‘Now Why Do You Want to Know About That?’ Heteronormativity, Sexism, and Racism in the Sexual (Mis)Education of Latina Youth. *Gender and Society* 23(4), 520–541.
- García, A. M. og Slesaransky-Poe, G. (2010). The heteronormative classroom: questioning and liberating practices. *The Teacher Educator*, 45, 244–256.
- Gordon, Liahna E og Lyndall Ellingsson. (2006). In the eyes of the beholder: student interpretations of sexuality lessons. *Sex education*, 6(3), 251-64.
- Háskóli Íslands. (2014). Vísindasiðareglur Háskóla Íslands.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eiginlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður

- Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók um aðferðafræði rannsókna* (bls. 137-153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hirst, J. (2008). Developing Sexual Competence? Exploring Strategies for the Provision of Effective Sexualities and Relationships Education. *Sex Education*, 8(4), 399–413.
- Hofstätter, Birgit. (2007). The concept of ‘heteronormativity’ and its methodological implications. Skýrsla vegna ráðstefnu um gagnkynhneigða regluveldið.
- Holland, J., C. Ramazanoglu, S. Scott, S. Sharpe og R. Thomson. (1990). Sex, Gender and Power: Young Women’s Sexuality in the Shadow of AIDS. *Sociology of Health & Illness* 12 (3, 336-350.
- Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). „Ég myndi alltaf enda með einhverri stelpu”: eru framhaldsskólar á Íslandi gagnkynhneigðir? *Netla*, 1–15.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók um aðferðafræði rannsókna*, Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kirby, D.B., B.A. Laris og L.A. Rolleri. (2007). Sex and HIV Education Programs: Their Impact on Sexual Behaviors of Young People Throughout the World. *Journal of Adolescent Health* 40, 206-217.
- Lamb, Sharon. (2013) Just the facts? The separation of sex education from moral education. *Educational theory* 63(5), 443-460.
- Lichtenstein et al, 2008. The stigma of sexually transmitted infections: Knowledge, Attitudes, and an Educationally-Based Intervention. The Health Education Monograph Series. 25(2).
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá fyrir grunnskóla.
- Námsháskólinn. (2008). Kynfræðsluvefurinn. http://www1.nams.is/kyn_torg/
- Námsháskólinn. (2008). Kynfræðslutorgið: vefur fyrir kennara. http://www1.nams.is/kyn_torg/
- Pharr, S. (2000). Homophobia: A weapon of sexism. Í M. Plott og L. Umanski (ritstjórar), *Making sense of women’s lives: An introduction to women’s studies* (bls. 424–438). Oxford: Rowman & Littlefield Publishers.
- Reykjavíkurborg. (2013). Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.
- Rich, A. (1980). Compulsory Heterosexuality and Lesbian Existence. *Signs* 5(4), 631–660.

- Røthing, Åse. (2008). Homotolerance and heteronormativity in Norwegian classrooms. *Gender and Education*, 20(3), 253–266.
- Rubin, Gayle S. (2011). Thinking Sex. Notes for a Radical Theory of the Politics of Sexuality, í *Deviations: A Gayle Rubin Reader* (137 – 181), Durham: Duke University Press.
- Samtökin '78 (e. d.) Fræðslustarfsemi Samtakanna '78. <http://samtokin78.is/tjonusta/fraedsla>
- Seidman, S. (1994). Lesbian, Gay, and Queer Theory. Í *Contested Knowledge: Social Theory Today*. Sussex: John Wiley & Sons.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í meginlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók um aðferðafræði rannsókna* (bls. 299-312), Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Smith, A., Stewart, D., Poon, C., Peled, M., Saewyc, E., & McCreary Centre Society (2014). *From Hastings Street to Haida Gwaii: Provincial results of the 2013 BC Adolescent Health Survey*. Vancouver, BC: McCreary Centre Society.
- Sólveig Anna Bóasdóttir. (2012a). Kynhneigð í krísu. Kirkjan, hinsegin fólk og mannréttindi. *Ritið* 2, 55 – 76.
- Trans Ísland. (e. d.) Hvað er að vera trans? <http://trans.samtokin78.is/upplýsingar/trans/>
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2013). Grunduð kenning og teiknaðar útskýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók um aðferðafræði rannsókna* (bls. 361-375), Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Waters, Mark (leikstjóri). (2004). Mean Girls [kvikmynd]. Bandaríkin: Paramount Pictures.
- West, C., og Zimmerman, D. H. (1987). Doing gender. *Gender & Society*, 1(2), 125-51.

Viðaukar

1. Viðtalsrammi fyrir kennaraviðtöl

Góðan dag!

- Kynna sjálfa mig
- Tala örstutt um rannsóknina
- Biðja um leyfi til að taka upp á tölvuna

1. Getur þú sagt mér aðeins frá kynfræðslunni sem fer fram í unglingsdeild í þessum skóla?
2. Hver sér fyrst og fremst um kynfræðsluna. Umsjónarkennari? Samfélagsfræðikennari? Náttúrufræðikennari? Hjúkrunarfræðingur? Utanaðkomandi aðilar?
3. Hvaða námsgögn eru notuð í kynfræðslu í þessum skóla?
4. Hafið þið fengið utanaðkomandi gesti? Ef svo, hvaða?
5. Fjallið þið um hinsegin málefni í ykkar kynfræðslu?
6. Kennið þið um samkynhneigð og trans málefni?
7. Kennið þið um gagnkynhneigð og síð málefni?
8. Teljið þið að hinsegin nemendur, eða nemendur sem gætu verið hinsegin, fái kynfræðslu til jafns við samnemendur sína?
9. Finnst ykkur þið hafa aðgang að fullnægjandi kennsluefni fyrir kynfræðslu?
10. Finnst ykkur þið hafa aðgang að fullnægjandi þekkingu, menntun og endurmenntun til að sinna kynfræðslunni vel?
11. Hvaða áherslur eru í kynfræðslu í þessum skóla?
12. Teljið þið að nemendur hafi nógu mikla þekkingu til að stunda ábyrgðarfull sambönd og kynlíf eftir kynfræðslu sem þau hafa fengið í þessum skóla?
13. Eruð þið stolt af kynfræðslunni sem er boðið upp á hérna?

14. Ef eitthvað mætti bæta, hvað mynduð þið helst vilja bæta?

15. Teljið þið að það sé öruggt rými fyrir hinsegin ungmenni í kynfræðslu í þessum skóla?

16. Er eitthvað sem þið teljið ykkur gera vel sem þið mynduð vilja að aðrir skólar gætu lært af?

17. Hvernig er þín draumakynfræðsla?

Þakka kærlega fyrir, minna á að nafn kennara og skóla verður ekki tekið með og að öllum gögnum verður eytt eftir á. Verkefnið verður líklega klárað um áramót og verða einhverjar kynningar þá.

Skrifa niður titla á námsefni.

2. Viðtalsrammi fyrir rýnihópaviðtal

Ég kynni mig og rannsóknina

Heiti fullum trúnaði

Útskýri upptökuna og að gögnum verði eytt

Bjóða upp á að velja nafn

Borða pizzu

Smá klausa um að bera virðingu fyrir hvert öðru og ekki grípa frammí og þannig

Smá klausa um að þau þurfi ekki að deila neinu sem þau langar ekki til

Þau mega alveg deila hvernig þau skilgreina sig, sérstaklega ef það á við í einhverju kommenti (“t.d. sem asexual manneskja, þá ...”) en það þarf ekki. Mega alveg nefna nafn skólans ef þau vilja, en því verður breytt í lokaútgáfu.

1. Fara í hring og segja nafn, fornafn, og hvort þau eru í grunnskóla eða útskrifuð og þá fyrir hvað löngu
2. Hvernig kynfræðslu hafið þið fengið? Endilega lýsið henni aðeins. Hvaða aðilar, hvaða efni, etc? Félagslegt, líffræðilegt, etc.
3. Fannst ykkur kynfræðslan vera sniðin að ykkar þörfum?
4. Finnst ykkur vera gert ráð fyrir hinsegin nemendum í kynfræðslunni sem þið fenguð?
5. Getið þið gefið mér eitthvað dæmi sem þið munið eftir úr kynfræðslu sem ykkur fannst vel gert?
6. Munið þið eftir einhverju atviki í kynfræðslu þar sem ykkur annaðhvort leið óþægilega, eða fannst ekki gert ráð fyrir ykkur eða ykkar þörfum?
7. Var kennt um hinsegin málefni í ykkar skóla? Fenguð þið t.d. fræðslu frá S78?
8. Hvernig fannst ykkur það tengjast inn í kynfræðsluna?
9. Komu einhverjir gestir eða utanaðkomandi aðilar inn í kynfræðsluna hjá ykkur?
10. Hvernig er ykkar drauma kynfræðsla?
11. Ef það er eitthvað sem þið gætuð sagt við kennara sem kenna kynfræðslu, hvað myndi það vera?

12. Teljið þið ykkur hafa fengið nógu góða kynfræðslu til að geta stundað öruggt og ánægjulegt kynlíf, ef það er það sem þið hafið áhuga á, eftir þessa fræðslu?

13. Er eitthvað fleira sem þið viljið koma á framfæri?

SAMANTEKT spyrja út í vafaatriði

Takk kærlega fyrir!

Skrifa niður valnöfn og fornöfn

Þjóða upp á að hafa samband ef eitthvað er

3. Bréf til foreldra vegna trúnaðar

18. maí 2015

Reykjavík

Rannsókn á kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur

Nú fer fram rannsókn á kynfræðslu í unglingadeild í grunnskólum Reykjavíkur, styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og í samvinnu við Háskóla Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Í þessari rannsókn munu verða tekin viðtöl við kynfræðslukennara í nokkrum skólum, kennsluefni verður skoðað og auk þess verður tekið eitt rýnihópaviðtal við ungmenni annaðhvort í efstu bekkjum grunnskóla í Reykjavík eða nýlega útskrifuð. Vanir spyrjar stýra umræðunni í hópnum og aðeins er spurt um þætti sem tengjast skólastarfinu og upplifun nemendanna af kynfræðslunni. Rannsóknin er með öllu nafnlaus, nafn þátttakenda og nafn skóla mun hvergi koma fram í niðurstöðum rannsóknarinnar.

Fundur rýnihópsins tekur um eina klukkustund og mun verða einhvern daginn eftir skóla í lok maí eða byrjun júní þegar hentar þátttakendum.

Ef þið hafið frekari spurningar vinsamlegast hafið samband við rannsakanda:

Sólveig Rós, M.A.

srm4@hi.is

s. 847 3792